



BA ritgerð
Félagsráðgjöf

Birtingarmyndir barna í klámi

Áhrif kynlífsvæðingar barna í klámi á kynferðisbrot gegn þeim

Salvör Sæmundsdóttir

Anni G. Haugen
Júní 2014



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Birtingarmyndir barna í klámi
Áhrif kynlífsvæðingar barna í klámi á kynferðisbrot gegn þeim

Salvör Sæmundsdóttir

090390-2879

Lokaverkefni til BA-gráðu í félagsráðgjöf

Leiðbeinandi: Anni G. Haugen

Félagsráðgjafardeild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2014

Birtingarmyndir barna í klámi – Áhrif kynlífsvæðingar barna í klámi á
kynferðisbrot gegn þeim

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA í félagsráðgjöf
og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.
© Salvör Sæmundsdóttir, 2014

Prentun: Háskólaprent
Reykjavík, Ísland, 2014

Útdráttur

Barnaklám er ein birtingarmynd kynferðislegs ofbeldis gegn börnum en aukin eftirspurn eftir slíku klámefni er áhyggjuefni þar sem slíkt eykur líkurnar á að börn séu misnotuð kynferðislega.

Tilgangur ritgerðarinnar er að skoða með hvað hætti börn birtast í klámi og hvort tengsl séu milli þess að horfa á og skoða barnaklám við að brjóta síðar gegn barni kynferðislega. Fjallað er um klámfengið og kynferðislegt efni með börnum með tvískiptum hætti þar sem það er sett í samhengi við hinn almenna klámiðnað sem framleiðir myndefni með fullorðnum. Annars vegar er um að ræða klámefni þar sem börn verða fyrir kynferðislegri misnotkun við framleiðslu efnisins og hins vegar klámefni með skírskotun í börn þar sem ekki er notast við raunveruleg börn. Með því er átt við klámefni sem framleitt er með aðstoð tölvutækni eða þegar fullorðnir einstaklingar eru barngerðir í klámi.

Eftirspurn og framleiðsla á barnaklámi hefur aukist með tilkomu þróunar í tölvu- og nettækni en hópur þeirra manna sem sækjast eftir barnaklámi og barnslegum ímyndum í klámi er fjölmennur og margbreytilegur. Niðurstöður rannsókna á sambandi þess að horfa á barnaklám og að brjóta gegn barni í kjölfarið eru misvísandi. Út frá kenningarlegum forsendum og fjölda rannsókna eru þó ýmsar vísbendingar um að slíkt efni sé til þess fallið að auka á kynferðislega óra fullorðinna gagnvart börnum í einhverjum tilvikum. Íslensk stjórnvöld og alþjóðastofnanir hafa nú þegar tekið til greina í lögum og samningum þá mögulegu skaðsemi barnakláms og kláms með barngervingu, á áhorfanda þess.

Efnisyfirlit

Útdráttur	3
Efnisyfirlit	4
1 Inngangur	5
2 Skilgreining hugtaka	7
2.1 Klám	7
2.2 Klámvæðing.....	8
2.3 Barnaklám	8
2.4 Barngerving.....	8
2.5 Hlutgerving.....	8
2.6 Kynlífsvæðing	9
3 Markaðsöfl í klámiðnaðinum	10
4 Birtingarmyndir barna í klámi	14
4.1 Íslensk löggjöf.....	14
4.2 Umfang og eðli vandans.....	16
4.3 Kynlífsvæðing barna í gervi-barnaklámi	22
4.3.1 <i>Barngerving</i>	25
4.3.2 <i>Tölvugert barnaklám</i>	26
5 Áhrif þess að börn eru kynlífsvædd í klámi	28
5.1 Femínískar kenningar	30
5.2 Líf- og sálfræðikenningar.....	31
5.3 Félagsnámskenningar.....	35
6 Niðurstöður.....	39
7 Umræða	42
Heimildaskrá.....	46

1 Inngangur

Kynferðislegt ofbeldi gegn börnum er alvarlegt samfélagsmeið en barnaklám sem gengur manna á milli á landamæralausum vettvangi netsins er ein birtingarmynd ofbeldisins (Davíð Þór Björgvinsson, 2011).

Vegna þróunar á sviði tölvu- og nettækni á undanförunum árum hefur framleiðsla og eftirspurn eftir klámi sem og barnaklámi aukist verulega. Þessi þróun hefur aukið á vanda kynferðislegrar misnotkunar gegn börnum, félagslegs vandamáls sem samfélag nútímans þarf að takast á við (Petrína Ásgeirsdóttir og Margrét Júlía Rafnsdóttir, 2011). Það er því mikilvægt fyrir fagstéttir innan barnaverndar, sem og annarra aðila sem gæta hagsmuna og réttinda barna, að fylgjast vel með þeirri hröðu þróun sem á sér stað í framleiðslu á klámefni í heiminum og vera meðvitaðir um eðli þess og áhrif. Aðkoma fagaðila sem starfa innan réttarkerfisins, í vinnu með kynferðisbrotamönnum eða þeim hópi fólks sem sýnir af sér óæskilega kynhegðun, er einnig mikilvæg. Skilningur á sambandinu milli þess að sækjast eftir að horfa á barnaklám og barnslegar ímyndir í klámi, við kynferðisbrot gegn börnum er nauðsynleg forsenda þess að hægt sé að taka á vandanum (Taylor og Quayle, 2003). Starf félagsráðgjafa innan barnaverndar- og réttarkerfisins er þar engin undantekning.

Í þessari ritgerð verður leitast við að skýra kynferðisbrot gegn börnum út frá grundvelli kenninga og rannsókna á áhrifum þess kláms sem inniheldur börn eða vísun í börn á neytandann. Þeir einstaklingar sem sækjast eftir barnaklámi eru í flestum tilvikum taldir vera karlmenn (Jenkins, 2001) þrátt fyrir að dæmi séu um konur í þessum hópi (Martellozzo, Nehring og Taylor, 2010). Umfjöllun ritgerðarinnar miðast því við karlkyns neytendur kláms. Niðurstöður rannsókna gefa vísbendingar um að umrætt klámefni sé til þess fallið að hafa áhrif á þróun barnagirndar, auka kynferðislegan áhuga manna gagnvart börnum og hættuna á kynferðislegri misnotkun barna (Dines, 2010; Russel og Purchell, 2008).

Gögn sem stuðst er við eru erlendar rannsóknir, ritrýndar greinar, skýrslur, og fræðibækur ásamt munnlegum heimildum frá réttarsálfræðingi með þekkingu og reynslu af óæskilegri kynhegðun fólks ásamt því að hafa unnið með gerendum kynferðisbrota. Að mati höfundar var mikilvægt að fá álit fræðimanns hér á landi um viðfangsefni ritgerðarinnar þar sem lítið er til af áreiðanlegum íslenskum heimildum um áhrif kláms á neytanda þess. Að auki

er notast við tölulegar upplýsingar frá lögreglunni, dómsuppkvaðningu, almenn hegningarlög og þingskjöl, í þeim tilgangi að varpa betur ljósi á umfang brotaflokksins sem snýr að klámi í íslensku samfélagi.

Markmið þessarar umfjöllunar, um birtingarmyndir barna í klámi, er að auka skilning og þekkingu á umfangi, eðli og mögulegum áhrifum barnakláms og svara tveimur megin rannsóknarspurningum. Rannsóknarspurningarnar, sem lagt var upp með við vinnslu á þessari heimildaritgerð, eru annars vegar; „Hvernig birtast börn í klámi“? og hinsvegar „Hefur kynlífsvæðing barna í klámi áhrif á kynferðisbrot gegn þeim“?

Fyrsti kafli er skilgreining hugtaka þar sem leitast er við að útskýra hugtökin; klám, klámvæðing, barnaklám, barngerving, hlutgerving og kynlífsvæðing. Önnur mikilvæg hugtök verða skilgreind jafnóðum í texta ritgerðarinnar.

Í öðrum kafla er umfjöllunin tileinkuð markaðsöflunum í klámiðnaðinum þar sem framleiðsla kláms er fyrst og fremst viðskiptafræðilegt fyrirbrigði.

Þriðji kafli, sem fjallar um birtingarmyndir barna í klámi, er þrískiptur. Í upphafi hans er fjallað um þróun lagaákvæðisins um barnaklám og það skoðað í samhengi við íslenska löggjöf ásamt ýmsum alþjóðlegum samningum um réttindi barna. Annar hluti í þriðja kafla segir frá eðli og umfangi barnakláms með áherslu á það klámefni sem felur í sér kynferðislega misnotkun á raunverulegum börnum við framleiðslu þess ásamt því að leitast er við að lýsa markhópi barnakláms. Í lok kaflans er útlistað svokallað gervi-barnaklám sem er barnaklám þar sem engin raunveruleg börn verða fyrir skaða við framleiðslu efnisins heldur notast við barngervingu og tölvutækni.

Fjórði og síðasti kafli ritgerðarinnar fjallar um tengsl kynlífsvæðingu barna við kynferðisbrot gegn börnum. Þar er stuðst við rannsóknir út frá sjónarhorni kenninga um femínisma, líf- og sálfræðikenninga og félagsnámskenninga.

2 Skilgreining hugtaka

2.1 Klám

Hugmyndir manna um þýðinguna að baki hugtaksins kláms er háð persónulegri upplifun viðkomandi. Í gegnum tíðina hefur verið gerð tilraun til að gera greinarmun á klámi og erótík með það að markmiði að aðgreina þessar tvær tegundir kynferðislegs efnis. Áherslan á mismunandi skilgreiningar orðanna er helst komin til vegna femínískra hreyfinga sem setja sig á móti klámi (Woman Against Violence in Pornography and Media/WAVPM) og byggðu skilgreiningar sínar á fornri þýðingu orðanna „eros“ og „pornera“. Erótík er samkvæmt þeirra skilgreiningu framsetning á kynlífi fullorðinna einstaklinga á jafningjagrundvelli sem einkennist af gagnkvæmri virðingu, ást og löngunum. Klám er dregið af orðinu „porneria“ sem í upprunalegri þýðingu vísar í lítilsvirtar hórur í grísku samfélagi (Goode, 1994; Linz og Malamuth, 1993). Þessi tvíflokkun er ekki laus við gagnrýni og eru femínískir fræðimenn sem setja sig á móti klámi gagnrýndir fyrir öfgafullar skilgreiningar hugtaksins út frá óhagganlegri staðfestu sinni um að klám sé í öllum tilvikum skaðlegt og ýti undir meiri tíðni kynferðisbrota, sérstaklega nauðgana (Diamond, Jozifova og Weiss, 2011). Diana Russell, doktor í félagsfræði og einn stofnenda fyrstu samtaka WAVPM í Bandaríkjunum, skilgreinir klám sem; kynferðislega ofbeldisfullt efni sem einkennist af niðurlægingu og eða misnotkun þar sem slík hegðun sé samþykkt og jafnvel hvatt til hennar (Russel, 1993a).

Þrátt fyrir að í íslenskum hegningarlögum (1940) sé kveðið á um það í 210. grein að útgáfa, framleiðsla og dreifing á klámefni sé ólögleg og varði við fangelsisvist allt að sex mánuðum, er hugtakið sjálft hvergi skilgreint í lögum né greinargerðum. Lagabókstafurinn hefur staðið nánast óbreyttur frá gildistöku hegningarlaganna utan breytinga á honum sem lúta að barnklámi. Hugtakið klám hefur þó tekið miklum breytingum í hugum manna frá árinu 1940 og er enn að taka breytingum þar sem það hefur mismunandi þýðingu manna á milli. Þar sem engin ein skilgreining fyrirfinnst í lögum er það í höndum dómstóla að vega og meta í hverju tilfalli fyrir sig hvort tiltekið efni teljist sem klám og varði þannig við lög samkvæmt 210. grein (Þingskjal 625, 2000-2001). Eftirfarandi skilgreining er höfð til hliðsjónar meðal fræðimanna í lögfræði samkvæmt *Lögfræðiorðabókinni* frá árinu 2008; „Ögrandi framsetning á kynlífi í auðgunarskyni, án ástar, blíðu eða ábyrgðar...“.

Greinarmunurinn á klámi og kynpokkalist (*erotika*) felst í eftirfarandi; „.... en kynpokkalist er bókmenntalist eða listræn tjáning ástar“ (bls. 227 og 233).

Það er ekkert í íslenskum lögum sem bannar vörslu klámefnis nema í þeim tilvikum sem efnið inniheldur með einhverjum hætti börn á kynferðislegan hátt. Vert er að taka fram að engar sérreglur eru fyrir hendi um birtingu og dreifingu kláms á netinu (Almenn hegningarlög nr. 19/1940; Þingskjal 625, 2000-2001).

2.2 Klámvæðing

Hugtakið vísar til þeirrar þróunar á kynlífstengdum markaði sem hefur vaxið geigvænlega á síðustu árum. Þrátt fyrir gríðarlega fjárhagslega veltu fyrirtækja innan kynlífsiðnaðarins er markaður sem gengur út á kynlíf mjög gagnrýndur og af mörgum álitinn siðlaus og niðurlægjandi, sérstaklega gagnvart konum (Helgi Gunnlaugsson, 2006). Femínískar hreyfingar segja klámvæðinguna vera það menningarferli þegar klám í orðræðu, myndmáli, táknmyndum og hlutverkum verður samþykkt í daglegu lífi okkar og þykir eðlilegt, jafnvel dáð sem menningarlegt fyrirbæri (Goode, 1994; Sørensen, 2003).

2.3 Barnaklám

Barnaklám má flokka í tvennt. Annars vegar klámefni sem sýnir börn undir 18 ára aldri á kynferðislegan eða klámfenginn hátt þar sem við framleiðslu þess á sér stað kynferðisleg misnotkun og ofbeldi gegn þeim. Hins vegar er það gervi-barnaklám þar sem ekki er notast við raunveruleg börn í framleiðsluferlinu heldur beitt barngervingu eða efnið framleitt með aðstoð tölvutækninnar (Almenn hegningarlög nr. 19/1940).

2.4 Barngerving

Barngerving er nýyrði hér á landi og merkir í samhenginu við klám, þegar ímynd barna birtist í klámmyndum með fullorðnum eða vísað er til þeirra á einhvern hátt. Þegar fullorðnir einstaklingar, sem náð hafa 18 ára aldri, eru látnir líta út fyrir að vera börn telst það barngerving. Sama á við um teiknimyndir eða aðrar sýndarmyndir sem sýna börn á klámfenginn og kynferðislegan hátt (Ögmundur Jónasson, 2011-2012).

2.5 Hlutgerving

Hlutgerving er að mörgu leyti andstæðan við orðið persónugerving og vísar til þess þegar komið er fram við manneskju eins og dauðan hlut sem hægt er að versla með, í líkingu við

vöruskipti (Mörður Árnason, 2007). Hlutgerving manneskju er neikvæð og lítilsvirðandi ef hún á sér stað án samþykkis, virðingar og jafnréttis (Dworkin, 1989). Dæmi um neikvæða hlutgervingu birtist oft og tíðum í klámi þar sem hallar sérstaklega á konur og börn (Bourke og Hernandez, 2008; Dworkin, 1989).

2.6 Kynlífsvæðing

Hugtakið kynlífsvæðing (*sexualize*) vísar til þess þegar gildi einstaklings er eingöngu metið út frá kynþokka eða hegðun þar sem önnur persónuleikaeinkenni eru útilokuð. Kynþokki samkvæmt hugtakinu beinist algjörlega að líkamlegum vexti með áherslu á að hann sé kynferðislega aðlaðandi. Með kynlífsvæðingu er einnig átt við þegar manneskja er kynferðislega hlutgerð (*sexually objectified*) þar sem horft er á viðkomandi eingöngu sem hlut til þess að fullnægja kynferðislegum þörfum annarra. Þegar talað er um að kynlífsvæða börn er þröngvað uppá þau kynverund með óviðeigandi hætti (APA, 2007).

3 Markaðsöfl í klámiðnaðinum

Til þess að gera sér betur grein fyrir þeim áhrifum sem talin eru stafa af klámframleiðslu er mikilvægt að átta sig á því hversu stór, valdamikill og víðfeðmur klámiðnaðurinn er. Nánar verður farið í umfjöllun á áhrifum kláms og birtingarmynda barna í klámi í kaflanum, *Áhrif þess að börn eru kynlífsvædd í klámi*, hér að neðan.

Kynlífsiðnaðurinn gengur út á markaðssetningu á kynlífstengdri vöru og þjónustu. Vændisþjónusta, hjálpartæki ástarlífsins, kynlífsrásir í sjónvarpi, nektarstaðir og útgáfa á klámefni eru allt dæmi um viðfangsefni iðnaðarins sem er gríðarlega stór og spannar bæði löglega og ólöglega starfsemi. Sökum þessarar skiptinga löglegrar og ólöglegrar starfsemi á kynlífstengdum markaði sem og mikillar gagnrýni á kaup og sölu á mis siðlegum kynlífstengdum varningi, er áreiðanlegum tölfræðilegum upplýsingum ábótavant. Ástæðan er sú að þjónusta og framleiðsla innan iðnaðarins fer að hluta til fram undir yfirborðinu, án laga og mannréttinda (Empel og Wagner, 2012). Framleiðsla og dreifing klámefnis sem inniheldur börn er ólögleg starfsemi innan klámiðnaðarins sem fjallað verður um síðar í kaflanum um *Birtingarmyndir barna í klámi*. Í kaflanum hér á eftir verður sérstaklega reynt að varpa ljósi á stærð og umfang hins löglega klámiðnaðar.

Saga klámiðnaðarins, sem og klámvæðingarinnar, er sögð byrja árið 1956 með fyrstu útgáfu af *Playboy* tímaritinu í Bandaríkjunum. Það er þó ekki svo að klám hafi fyrst komið til sögunnar það ár heldur var það fyrst þá sem kaupsýslumaður tók þá gróðavænlegu ákvörðun að hefja opinbera útgáfu af karlatímariti. Árið 1969 kom síðan samkeppnisaðilinn, karlatímaritið *Penthouse*, fram á sjónarsviðið. Í báðum tilvikum var um svokallað „softcore“ klám að ræða (Dines, 2010 og Goode, 1994). „Softcore“ klám vísar til myndefnis sem sýnir ekki beinar kynlífsathafnir eða kynfæri. Klámtímaritið *Hustler* kynnti svo til sögunnar „hardcore“ klámefni árið 1973 þegar eigandi nektarstaðar í Kentucky, Larry Flynt, bættist í samkeppnishóp þeirra Hugh Hefner og Bob Guccione, eigenda *Playboy* og *Penthouse*. Slíkt myndefni er mun grófara og sýnir nákvæma myndbirtingu kynferðismaka sem gjarnan eru mjög gróf, ofbeldisfull og ógeðfelld. Um aldamótin 2000 varð síðan sprenging í þróunarsögu klámiðnaðarins og klámvæðingarinnar þegar Internetið varð vettvangur dreifingar og sölu á klámi. Hinn nýi vettvangur bauð upp á ódýrt og aðgengilegt efni sem var á sama tíma

nafnlaust. Í framhaldinu. og fram til dagsins í dag, má sjá aukin áhrif klámsins í samfélaginu okkar þar sem „hardcore“ klámfengið efni er nú aðgengilegt á nær öllum heimilum vestrænna ríkja og af öllum aldurshópum (Dines, 2010).

Bandaríkin eru gjarnan sögð vera miðstöð klámframleiðslunnar (Empel og Wagner, 2012) en iðnaðurinn þar í landi hefur verið metinn á um það bil 13 billjónir dala. Af öllum vefsíðum á netinu árið 2010 voru um 12% þeirra klámsíður eða um 4,2 milljónir talsins (Dines, 2010; Tarver, 2010). Í Kaliforníu eru taldir vera um 12.000 launþegar starfandi við framleiðslu kláms og þar í landi eru sagðar renna 36 milljónir Bandaríkjadala í ríkiskassann árlega í formi skattagreiðslna slíkra starfsmanna (Empel og Wagner, 2012).

Klám er fyrst og fremst viðskiptafræðilegt fyrirbæri sem er keyrt áfram af gróðamarkmiðum og einkennist af markaðssetningu vörunnar í samkeppni við alla þá fjölmörgu aðila sem starfa í klámiðnaðinum. Viðskiptafyrirbærið, sem gengur út á að selja kynlíf, markaðssetja líkamann og örva á margbreytilegan og misgrófan hátt frumhvatir manneskjunnar, virkar og skilar gjarnan miklum hagnaði. Klám hefur sannað sig í því að vera áreiðanlegt og arðbært markaðstækifæri sem er vel til þess fallið að fylgja eftir þróun á sviði tækni og fjölmiðlunar. Frá útgáfu klámtímarita og myndbanda í formi VCR og DVD mynddiska hefur vettvangur til þess að koma vörum klámiðnaðarins á framfæri orðið mun stærri og þróaðri. Allir geta framleitt klám og komið því á framfæri og allir geta að sama skapi nálgast og horft á klám, út um allt, alls staðar. Tækninýjungarnar með tilkomu netsins bjóða upp á niðurhal klámefnis og stöðugt flæði kvikmynda af netinu beint heim í stofu til neytandans. Einnig geta notendur samnýtt myndefni á skjótvirkan og auðveldan hátt og það nýjasta er að fá klámmyndbönd beint í snjallsímann (Dines, 2010; Sheldon, 2011).

Fjöldinn allur af virtum stórfyrirtækjum, hótélkeðjum, leitarvélum, netvöfrum og kortafyrirtækjum græða á sölu kláms og kynlífstengdri þjónustu með beinum og afleiddum hætti. Sprotafyrirtæki, fasteignamarkaðsfyrirtæki og önnur virðuleg og lögmæt fyrirtæki eru talin tengjast og hagnast af umræddum iðnaði í Bandaríkjunum, Asíu og víðar en fjárfesting slíkra fyrirtækja í klámiðnaðinum er ekki einsdæmi. Til að mynda græða fyrirtæki í hótélrekstri á kaupum hótélgesta sinna á klámmyndum í herbergjum sínum ásamt því að kortafyrirtæki hagnast þegar einstaklingar nota kreditkort sín við kaup á klámefni í gegnum netið. Einstaklingar og fjöldi fyrirtækja hafa óbeinan fjárhagslegan ávinning af klámiðnaðinum, en þar má nefna til dæmis nefna flugfélög, leigubílstjóra og förðunar- og

fataframleiðendur (Dines, 2010; Empel og Wagner, 2012). Umsvif iðnaðarins eru óumdeilanlega mikil og víðtæk og eiga allir aðilar framleiðslukeðjunnar á klámi þátt í því að byggja upp og styrkja iðnaðinn sem gengur út á framleiðslu og sölu á klámefni.

Í atvinnugreininni sem gengur út á sölu kláms eru ýmsar hindranir en ólíkir þættir sem geta haft áhrif á velgengni þess að selja og græða í klámiðnaðinum. Með tilkomu klámefnis sem hægt er að nálgast frítt á netinu hefur sala og leiga á klámmyndum í DVD formi dregist saman. Árið 2006 nam samdráttur í leigu á slíkum myndum í Bandaríkjunum um 15 prósentum samkvæmt samtökum klámframleiðenda, þar í landi (Empel og Wagner, 2012). Hagsmunaaðilar klámframleiðslunnar sem og starfsfólk geirans sem hefur í sig og á við að framleiða klámefni fyrir alþjóðlegan markað, hafa fundið fyrir neikvæðum fjárhagslegum afleiðingum ólöglegs niðurbands á netinu, líkt og kvikmynda- og tónlistaframleiðendur. Iðnaðurinn hefur á undanförunum misserum átt undir fjárhagslegt högg að sækja vegna þeirra algengu og ólöglegu starfsemi að hala niður myndefni á sjóræningjasíðum á netinu. Ýmsir þekktir talsmenn iðnaðarins í Bandaríkjunum og frægar klámmyndaleikkonur lögðu upp með herferð árið 2010 gegn niðurbandi á klámefni í kjölfar rýrnunar á hagnaði af klámmyndum þeirra (Free Speech Coalition, 2010).

Þau ógrynni af framboði klámefnis á netinu fyrir neytendur slíks efnis kallar á harða samkeppnisbaráttu framleiðsluaðila. Klámsíður á netinu eru byggðar upp út frá kenningalegri hugmyndafræði um að neytandinn þrói með sér viðnám gagnvart klámefni sem leiðir af sér stigmögnun í grófleika þess. Neytandinn er leiddur áfram í neyslu sinni með ýmsum aðferðum þar sem viðkomandi þarf að borga meira eftir því sem myndgæðin eru betri og klámefnið grófara (D'orlando, 2011). Þróunin í margbreytileika kláms sem og grófleika þess er hröð, mikil og ógnvænleg. Grófara ofbeldi, aukin kvenfyrirlitning og almenn viðurstyggð hefur, með tilkomu netsins, orðið á skömmum tíma ráðandi einkenni fyrir klámefni samtímans. Þegar talað er um almenna viðurstyggð er til að mynda verið að vísa til mjög ofbeldisfulls samræðis þar sem konu er riðið í munn, endabarm og leggöng samtímis af þremur mönnum, sífjaspells föður og dóttur og gervi-barnakláms þar sem konur yfir 18 ára aldri eru láttnar líta út eins og barnungar stúlkur (Dines, 2010; Russell og Purchell, 2008).

Þrátt fyrir mikla veltu klámiðnaðarins, mikil og sterk ítök hans í viðskiptalífi heimsins og stóran og dyggan hóp neytenda, á iðnaðurinn undir högg að sækja líkt og áður hefur komið fram. Ólöglegt niðurband og frítt efni á netinu kallar á aðgerðir framleiðenda.

Samkeppnin er hörð og gengur iðnaðurinn ansi langt í því að koma fram með nýjar vöruhugmyndir til að markaðssetja (Dines, 2012; Empel og Wagner, 2012). Gail Dines sem hefur rannsakað klám hátt í 20 ár og er prófessor í félagsfræði og kvennarannsóknum við Wheelock Háskóla, telur að áform klámiðnaðarins sé að gera í auknari mæli út á barnaklám í gróðrarskyni til að viðhalda neyslupörfum notandans og skapa nýja seljanlega „vöru“. Grunur Dines er ógnvænlegur og kallar á nauðsyn þess að fylgst sé grannt með framleiðsluháttum klámframleiðenda. Þessi grunur Dines er ástæða þess að næsti kafli fjallar um hið fordæmda og harðlega gagnrýnda innan klámiðnaðarins, birtingarmyndir barna í klámi.

4 Birtingarmyndir barna í klámi

4.1 Íslensk löggjöf

Barnaklám er alvarlegt og glæpsamlegt vandamál sem allar þjóðir heimsins þurfa að takast á við í sameiningu svo lausn vandans náist. Við framleiðslu klám- mynda og myndbanda sem birtast á netinu, er brotið á börnum kynferðislega og þau gjarnan beitt ofbeldi. Framleiðslan er tengd við sölu á börnum og barnavæandi en börn í fátækari löndum eru berskjaldaðri fyrir þessari ofbeldisfullu glæpastarfsemi. Klámfengið og kynferðislegt efni með börnum hefur lengi verið í dreifingu manna á milli en í kjölfar netsins hefur umfang vandans aukist svo um munar ásamt því að erfiðara reynist að gera slíkt myndefni upptækt (Petrína Ásgeirsdóttir og Margrét Júlía Rafnsdóttir, 2011). Barnaklám er alþjóðlegt vandamál þar sem slíku efni er í flestum tilvikum dreift með hjálp tölvutækni og á landamæralausum vettvangi, þ.e. netinu. Slíkt er auðvelt, nafnlaust og ódýrt. Flest kæruefni um barnaklám á netinu sem borist hafa inná borð lögreglunnar hér á landi, er barnaklámefni sem framleitt hefur verið erlendis (Davíð Þór Björgvinsson, 2011).

Eins og fram kom í kaflanum um klám hér að framan er fjallað um refsíákvæði tengdu klámi, sem og barnaklámi í 210. gr. almennra hegningarlaga (hgl). Það var árið 1996 sem ákvæðinu um barnaklám var bætt við upprunalegu greinina sem hafði þá staðið óbreytt frá gildistöku árið 1940. Ákvæðið í íslenskum hegningarlögum (nr. 19, 1940) sem fjallar um barnaklám er eftirfarandi:

Hver sem framleiðir, flytur inn, aflar sér eða öðrum eða hefur í vörslu sinni ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilega hluti sem sýna börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt skal sæta sektum eða fangelsi allt að 2 árum ef brot er stórfellt. Sama gildir um ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilega hluti sem sýna einstaklinga 18 ára og eldri á kynferðislegan eða klámfenginn hátt, enda séu þeir í hlutverki barns, eða ef líkt er eftir barni í slíku efni þó að það sé ekki raunverulegt, svo sem í teiknimyndum eða öðrum sýndarmyndum.

Hver sem skoðar myndir, myndskreið eða aðra sambærilega hluti sem sýna börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt á netinu eða með annarri upplýsinga- eða fjarskiptatækni skal sæta sömu refsingu og greinir í 1. mgr. (Almenn hegningarlög nr. 19/1940).

Árið 2000 urðu aftur breytingar á lagaákvæðinu um klám sem fól í sér stækkun refsirammans þar sem klám sýndi börn á kynferðislegan hátt. Ástæða breytinganna sem lagðar voru til í frumvarpi dómsmálaráðherra Alþingis, var að auka vernd barna gegn þeirri misnotkun sem felst í framleiðslu og dreifingu barnakláms og að leggja sérstaka áherslu á alvarleika þessara brota (Þingskjal 625, 2000-2001).

Árið 2012 var gerð veigamikil og mikilvæg breyting á ákvæði hegningarlaga sem snýr að barnaklámi að beiðni þáverandi innanríkisráðherra, Ögmundar Jónassonar (2011-2012), í þeim tilgangi að uppfylla Lanzarote samninginn, samning Evrópuráðsins um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun. Með breytingunni var varsla á klámefni, sem einkennist af barngervingu aðila sem komnir séu yfir 18 ára, gerð ólögmat og refsiverð hérlendis til jafns á við það myndefni sem inniheldur klámfengið efni af börnum yngri en 18 ára. Breytingin á einnig við um teiknimyndir eða annað myndefni sem með sama hætti sýnir óraunveruleg börn. Önnur mikilvæg breyting til viðbótar við þær sem áttu sér stað 2012, en verður ekki útlustuð hér frekar, er að sú hegðun að skoða myndir og myndbönd sem sýna börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt var gerð refsiverð (Lög um breytingu á almennum hegningalögum nr. 19/1940).

Reynt er að vinna gegn þeim þætti kláms sem snýr að börnum í klámiðnaðinum með ýmsum hætti. Sameinuðu þjóðirnar, Norðurlandaráð og Evrópuráðið hafa þrýst á aðildarríki sín til að setja lög um vörslu á barnaklámi í þeim tilgangi að ýta undir það viðhorf að börn og kynlíf fari hreint ekki saman og að varsla barnakláms sé refsivert athæfi (Svala Ísfield Ólafsdóttir, 2011). Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti árið 1989 samning um réttindi barnsins, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Nær öll ríki heimsins, 192 talsins, hafa staðfest Barnasáttmálann en hann var undirritaður hérlendis í janúar 1990, öðlaðist gildi tveimur árum síðar og var loks lögfestur hér á landi í febrúar 2013 (Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, e.d.; Davíð Þór Björgvinsson, 2011). Bandaríkin, Suður Súdan og Sómalía eru einu lönd heimsins sem ekki hafa undirritað samninginn (Barnaheill, e.d.). Íslendingar skrifuðu einnig undir valfrjálsa bókun innan samningsins sem gengur út á aukna vernd barna gegn sölu á þeim, barnavændi og barnaklámi. Bókunin öðlaðist gildi árið 2002 en inntak hennar segir til um þungar áhyggjur aðildarríkja af aukningu og umfangi á sölu barna milli landa í umræddum tilgangi. Áhyggjurnar snúa einnig að aukningu framboðs á barnaklámi á netinu, aukningu í kynlífsferðamennsku sem stuðlar að sama skapi að sölu á börnum, barnavændi og

barnaklámi. Til þess að bregðast við þessum alvarlegu áhyggjum er samkvæmt bókuninni nauðsynlegt að framleiðsla, dreifing, útflutningur, innflutningur, eignarhald og auglýsingar á barnaklámi verði flokkað sem glæpsamlegt athæfi um heim allan. Mikilvægt er að samvinna sé til staðar milli stjórnvalda og netiðnaðarins til að uppræta barnaklám (Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 18/1992).

Samkvæmt sögu og þróun ákvæðis um barnaklám í almennum hegningarlögum má sjá að Íslendingar innleiddu í landslög bann við barnaklámi árið 1996. Fjórum árum áður hafði Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins tekið gildi hérlendis. Valfrjálsa bókunin um mikilvægi sérstakrar verndar barna og baráttunnar gegn sölu á börnum, barnavændi og barnaklámi öðlaðist gildi árið 2002. Íslendingar voru þá, miðað við breytingar á 210. gr. h.g.l. árið 2000, búnir að sýna fram á aukna áherslu á alvarleika brota sem snúa að barnaklámi með þyngingu refsinga gagnvart slíku broti (Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 18/1992; Þingskjal 625, 2000-2001). Lagbreytingin árið 2012 var í þeim tilgangi að uppfylla gildandi samning Evrópuráðsins (Lög um breytingu á almennum hegningalögum, nr. 19/1940). Grein nr. 210 hefur því í gegnum tíðina tekið breytingum, bæði út frá frumkvæði hérlendis en einnig í því skyni að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar (Svala Ísfeld Ólafsdóttir, 2011).

Rætt hefur verið um hvort sú hegðun manna að skoða barnaklám geti í sjálfu sér talist ólögmat ef skaðlegar afleiðingar efnisins á þau börn sem um ræðir eru undanskildar (Taylor og Quayle, 2003). Ástæða þess að varsla á barnaklámi hérlendis er ólögmat hefur allt fram að lagabreytingunni árið 2012 verið út frá sjónarhorni fórnarlambins og beinst að því að veita börnum og unglíngum aukna vernd gagnvart því kynferðislega ofbeldi sem á sér stað í framleiðsluferlinu (Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 18/1992; Þingskjal 625, 2000-2001). Eftir nýlega breytingu á 210. grein hefur verið tekið aukið tillit til þeirra skaðlegu áhrifa sem áhorfandi kláms sem inniheldur skírskotun í börn getur hugsanlega orðið fyrir og með lagabreytingunni gerð tilraun til þess að draga enn frekar úr kynferðislegri misnotkun á börnum.

4.2 Umfang og eðli vandans

Klámefni sem inniheldur börn er talið hafa verið til frá upphafi í þeirri mynd og formi sem samtímamiðlar hvers tíma gátu boðið uppá (Taylor og Quayle, 2003). Aðgengi manna í

Bandaríkjunum að barnaklámi fyrir tíma tölvutækninnar var með þeim hætti að hægt var að nálgast að minnsta kosti 260 mismunandi barnaklámstímarit sem gefin voru út mánaðarlega. Titlar blaðanna voru til dæmis *Ástríðufull börn*, *Lolita* og *Barnaást* (Davidson, 1985). Það var ekki fyrr en á 6. áratug síðustu aldar sem umræðan um klámfengið myndefni af börnum ruddi sér til rúms í vestrænum samfélögum og eftirtekt manna beindist að tengslum á barnaklámi við kynferðislega misnotkun og ofbeldi gagnvart börnum (Taylor og Quayle, 2003).

Kynferðisbrot gegn barni í formi barnakláms hefur ákveðna sérstöðu og er frábrugðið öðrum kynferðisbrotum að því leyti að í fæstum tilvikum er fórnarlambið til staðar eða hægt að greina hver viðkomandi brotþoli er (Stefán Eiríksson, 2011). Í framleiðsluferlinu eru framin alvarleg brot á réttindum barna þar sem þau eru beitt andlegu, líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi. Þegar tiltekið myndefni fer síðan í dreifingu á netinu heldur ofbeldið gegn barninu áfram þar sem brotamönnum gegn því fjölgar. Sú eftirspurn sem er til staðar á barnaklámi viðheldur framboði þess og orsakar það að framleiðslan og þar að leiðandi ofbeldið heldur áfram (Petrína Ásgeirsdóttir og Margrét Júlía Rafnsdóttir, 2011). Þegar ljósmynd hefur á annað borð verið sett inná netið og jafnvel komið í dreifingu þar er nær ógjörningur að fjarlægja hana. Þannig getur ljósmynd af barni sem er í senn klámfengin og niðurlægjandi, svo ekki sé talað um ólögmæt, skotið upp kollinum í lífi fórnarlambins fram eftir fullorðinsárum þess. Þessi staðreynd getur sannarlega verið ógnandi og vissulega haft ýmsar neikvæðar afleiðingar á andlega líðan fórnarlambins (Taylor og Quayle, 2003).

Frá upphafi hefur hópur þeirra neytenda sem sækist eftir barnaklámi aðallega taldir vera menn sem haldnir eru barnagirnd og í flestum tilvikum eru slíkir menn með mörg einkenni barnagirndar (Sheldon, 2011). Barnagirnd (*pedophile*) er að mati bandaríska geðlæknafélagsins (American Psychiatric Association, APA) flokkað sem geðröskun samkvæmt eldri útgáfunni af flokkunarkerfi þess, Diagnostic and Statistical Manual of Mental Disorders (DSM IV) (APA, 2003). Í nýju útgáfu DSM 5 sem birt var árið 2013 átti sér stað breyting þar sem hugtakið barnagrind var tekið út og þess í stað skilgreint sem „röskun vegna barnagirndar“ (*pedophilic disorder*). Geðröskunin er sögð komin til vegna afbrigðilegrar kynferðislegrar löngunar en aukin áhersla er lögð á að þeir sem hafa kynferðislegan áhuga á börnum séu ekki endilega allir með geðröskun sem kalli á meðferð. Til að einstaklingur geti flokkast með röskun vegna barnagirndar þarf viðkomandi að uppfylla viðmið um að

kynferðislegur áhugi hans á börnum sé til þess fallinn að orsaka þjáningu eða skaðsemi meðal einstaklingsins eða gagnvart öðrum þegar viðkomandi verður við kynferðislegri löngun sinni. Greiningarviðmið DSM 5 fyrir afbrigðilega kynferðislega löngun gagnvart börnum, barnagirnd, helst þó óbreytt frá því úr DSM IV (APA, 2013).

Upprunalega er orðið barnagirnd tekið úr latneska orðinu *paedofilia* sem þýðir ást á börnum. Það er í raun svo með þá sem haldnir eru barnagirnd að þeir trúu því gjarnan að þeir séu að sýna börnum ást þegar þeir eru í raun að misnota þau (Sæunn Kjartansdóttir, 2011). Skilgreining APA á barnagirnd felur í sér að viðkomandi hafi, á minnst 6 mánaða tímabili, gírnst endurtekið ókynprosa barn (yfirleitt miðað við yngri en 13 ára) kynferðislega eða sýnt af sér kynferðislega hegðun gagnvart því. Aðilinn, sem þarf að hafa náð minnst 16 ára aldri og vera að minnsta kosti 5 árum eldri en það barn sem hann gírnist, verður að hafa brugðist við kynferðislegum hvötum sínum gagnvart barninu með því að hafa fullnægt þeim eða annars goldið kynóra sína með verulegri vanlíðan (APA, 2003). Einungis 25-40% þeirra sem misnota börn kynferðislega geta þó flokkast undir þessa skilgreiningu á geðröskuninni (Anna Kristín Newton og Þórarinn Viðar Hjaltason, 2011).

Þeir sem haldnir eru barnagirnd nálgast í sumum tilvikum fórnarlömb sín á vettvangi ólöglegar starfsemi til að mynda í gegnum barnavændi og barnaklám (Schmidt, 2002). Samkvæmt fjölda rannsókna eru þeir sem haldnir eru barnagirnd, sem og framleiðendur og neytendur barnakláms, í yfirgnæfandi meirihluta karlmenn (Anna Kristín Newton og Þórarinn Viðar Hjaltason, 2011; Elliott, 1986; Jenkins, 200) Vissulega geti verið til dæmi um að konur finnist í hópi þessara brotamanna og nýlegar rannsóknir bendi einmitt til þess að konur sem skoði barnaklám mælist í hærra hlutfalli en áður var talið (Martellozzo, Nehring og Taylor, 2010; Seigfried, Lovely og Rogers, 2008). Umfjöllun þessarar ritgerðar miðast þó við neytendur barnakláms og gerendur kynferðisbrota gegn börnum sem eru karlkyns.

Í rannsóknum á mönnum sem skoða barnaklám á netinu er brotamönnum skipt í eftirfarandi fjóra flokka;

1. *Periodically prurient offenders* - Sá sem leitar reglulega í barnaklám vegna hvatvísí eða forvitni tilkomna vegna losta eða mikils áhuga á klámefni (ekki endilega tengdu börnum).

2. *Fantasy-only offenders* - Sá sem verður sér út um barnaklámefni til að bregðast við kynferðislegum löngunum sínum til barna en hefur ekki framið beint kynferðisbrot gegn barni svo vitað sé um.
3. *Direct victimization offenders* – Sá sem notast við tölvutækni til að verða sér út um barnaklámmyndir og til að beita nettælingu í þeim tilgangi að fremja síðar kynferðisbrot gegn viðkomandi barni.
4. *Commercial exploitation offenders* – Sá sem framleiðir og dreifir barnaklámi í fjárhagslegum tilgangi fremur en persónulegum kynferðislegum áhuga á börnum (Sheldon, 2011, bls. 224-225).

Ástæða þess að menn leita uppi barnaklám á netinu er sögð geta verið vegna forvitni, fyrir slysi eða vegna þarfarinnar á að flýja raunveruleikann og láta sig hverfa inn í heim hugaróra sem brjóta gegn ríkjandi lögum og viðmiðum (Lollar, 2013). Rannsóknir benda til þess að einungis lágt hlutfall brotamanna sem sækjast eftir barnaklámi séu drifnir áfram af hvötum sem eru ekki með neinum hætti kynferðislegar (Bourke og Hernandez, 2008). Engu að síður eru rannsóknir sem benda á hið gagnstæða, það er að það séu mun fleiri sem að minnsta kosti vafra um þessar slóðir kláms á netinu (O'Connell, 2001). Núgildandi þekking okkar á því hverjir leita uppi barnaklám er því takmörkuð þar sem annars vegar er hópurinn talinn vera menn með undirliggjandi kynferðislegar langanir gangvart börnum sem taki meðvitaða ákvörðun um að verða sér út um efnið, á móti þeim fjölmörgu sem komast í kynni við myndefnið fyrir forvitnis sakir eða slysi.

Þeir sem framleiða og selja barnaklám eru ekki einungis sá hópur einstaklinga sem haldinn er barnagirnd heldur einnig fjöldinn allur af aðilum sem sjá gróða og fjárhagsleg tækifæri í framleiðslu og dreifingu efnisins (Petrína Ásgeirsdóttir og Margrét Júlía Rafnsdóttir, 2011). Græðgin og drifkrafturinn til þess að auðgast innan klámiðnaðarins er það viðurstyggilega óhóflegur að menn innan geirans sjá hag sinn í því að markaðssetja börn á kynferðislegan hátt.

Barnaklám spannar myndefni allt frá, hefðbundnum ljósmyndum af nöktum börnum í daglegu lífi, til mynda þar sem gróf kynferðisleg misnotkun á sér stað (Sheldon, 2011). Á myndum í barnaklámi eru börnin í mögum tilvikum brosandir, að beiðni þess sem tekur

myndina eða myndböndin, en það er mikilvægt fyrir marga neytendur barnakláms að þeir upplifi vilja barnsins til að taka þátt í athöfninni sem á sér stað við framleiðslu klámefnisins (Taylor og Quayle, 2003). Líkt og áður hefur komið fram búa þeir menn sem haldnir eru barnagirnd við þá sjálfsblekkingu að kynferðisleg löngun þeirra sé endurgoldin af hendi barnsins í verknaðinum sem er í þeirra huga tjáning ástar (Sæunn Kjartansdóttir, 2011). Það er því töluvert lagt upp úr því í framleiðslu á barnaklámi að tala börnin góðlátlega á að framkvæma tilteknar uppstillingar og gjörðir (Taylor og Quayle, 2003). Í sumum tilvikum inniheldur barnaklám mjög gróft myndefni sem sýnir ung börn, allt niður í þriggja ára aldur, í grófum kynferðislegum stellingum og athöfnum þar sem líklegt er að notast sé við hvassar skipanir og hótanir í framleiðsluferlinu (Jenkins, 2001). Barnaklám sem einkennist af sadisma og grimmilegri meðferð á fórnarlambinu er einnig að finna í netheimum þar sem börnin eru pyntuð, þeim nauðgað og jafnvel myrt (Russel og Purcell, 2008).

Samkvæmt tölfræðiupplýsingum á barnaklámefni sem rannsakað var árið 2007 af bresku netvaktinni, Internet Watch Foundation (IWF), voru fórnarlömbin á öllum aldri og í flestum tilvikum stúlkubörn (79%). All flest börnin voru undir tíu ára aldri eða í 80% tilvika þar sem 10% voru smábörn undir tveggja ára aldri, 33% voru milli þriggja og sex ára og í 37% tilvika voru börnin milli sex og tíu ára (Sheldon, 2011).

Þróun á sviði tækni og fjarsamskipta hefur haft í för með sér þær neikvæðu og alvarlegu afleiðingar að barnaklám á netinu hefur aukist til muna og eftirspurn eftir því hefur jafnframt aukist. Umfang verslunar barnakláms á netinu hefur aukist gífurlega frá árinu 2003. Barnaklámsiðnaðurinn í heiminum, þar sem kaup og sala fer fram í gegnum netið, er metinn á um 20 billjónir Bandaríkjadala (Bourke og Hernandez, 2008) og er áætluð ársvelta hans um 3 billjónir dala. Talið er að fjöldi þeirra vefsíðna sem bjóða uppá ólöglegt barnaklám séu um 100.000 talsins (Seigfried, Lovely og Rogers, 2008).

Alþjóðalögreglan Interpol hefur undir höndum eina milljón mynda þar sem talið er að um 20 þúsund börn séu beitt kynferðisofbeldi. Í flestum tilvikum er klámefni á netinu sem inniheldur börn, vistað á netþjónum utan Evrópu og talið er að framleiðslan á slíku efni fari í auknum mæli fram í ríkjum Suðaustur-Evrópu (Petrína Ásgeirsdóttir og Margrét Júlía Rafnsdóttir, 2011).

Umfang klámmynda af íslenskum börnum er ókannað en ekki eru til neinar rannsóknir hérlendis á því í hve miklum mæli myndir hafa verið teknar af þeim börnum sem sætt hafa

kynferðislegri misnotkun. Að sama skapi er engin vitneskja um það hvort héraðs fari fram framleiðsla á myndefni þar sem börn koma við sögu í tengslum við kynlífsþrælkun eða mansal. Staðfest eru dæmi héraðs um einstaklinga sem hafa haft í fórum sínum myndefni þar sem börn eru beitt ofbeldi ásamt því að alþjóðlegir barnaklámshringir hafa einnig teyggt anga sína hingað til lands (Petrína Ásgeirsdóttir og Margrét Júlía Rafnsdóttir, 2011).

Á árunum 2008-2012 hefur fjöldi brota á 210 gr. hgl. í flokknum klám og barnaklám verið að meðaltali 23 brot á ári (Ríkislögreglustjórnin, 2013). Til að mynda féll nýlega dómur í þessum brotaflokk, 3. apríl síðastliðinn, þar sem ungur maður var dæmdur í níu mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir stórfellt brot en hann hafði í fórum sínum 3.333 ljósmyndir og 915 hreyfimyndir sem sýndu börn á kynferðislegan og klámfenginn hátt (Héraðsdómur Vestfjarða í máli nr. S-10/2014). Opinber tölfræðigögn um handtökur og sakfellingar í málum manna, sem gerst hafa uppvísir um að hafa verið viðriðnar barnaklám, gefa okkur einungis upplýsingar um hve mörgum mistókst í að verða sér út um, framleiða eða dreifa slíku klámi. Slík rannsóknargögn geta einungis gefið okkur vísbendingu um hve stór toppurinn á ísjakanum er í hópi þeirra manna sem sækjast eftir og miðla ólöglegu barnaklámi (Jenkins, 2001).

Barnaheill á Íslandi hafa verið þátttakendur í alþjóðlegu verkefni um vernd barna gegn kynferðisofbeldi á netinu frá árinu 2001. Frá upphafi verkefnisins hafa rúmlega 4000 tilkynningar borist til Barnaheilla í gegnum starfrækta ábendingalínu þeirra. Í 34% tilvika var tilkynningin þess efnis að um barnaklám væri að ræða. Milli árána 2011 og 2012 tvöfaldaðist fjöldi slíkra tilkynninga. Umrædd ábendingalína Barnaheilla tilheyrir regnhlífarsamtökunum INHOPE en samkvæmt gagnagrunnsupplýsingum samtakana um fjölda tilkynninga frá 37 löndum má sjá að rúmlega 37.000 tilkynningar um barnaklám bárust í gegnum slíkar ábendingalínur árið 2012 (Barnaheill, 2013).

Ástæða þess að framboð og eftirspurn eftir barnaklámi hefur marfaldast á undanförunum 20 árum, í algjörri mótsögn við ríkjandi viðmið vestrænna samfélaga um siðsleysi slíks efnis, er framþróun í tæknivísindum og tilkoma netsins (Jenkins, 2001; Taylor og Quayle). Sú þróun sem hefur átt sér stað á breyttum vettvangi barnakláms, leiðir af sér ört stækkandi markhóp efnisins. Nú á tímum er barnaklám orðið verslunarvara sem er markaðssett sem slík. Fjölmargir aðilar í klámiðnaðinum hafa nýtt sér þau tækifæri sem netið býður uppá og versla með ólöglegt klámfengið myndefni af börnum í skjóli nafnleyndar og með hjálp tækninýjunga

sem gerir þeim kleift að fara huldu höfðu (Petrína Ásgeirsdóttir og Margrét Júlía Rafnsdóttir, 2011).

Umfang og eðli barnakláms, sem hefur verið fjallað um hér, snýr helst að því myndefni þar sem raunveruleg börn verða fyrir ofbeldi og skaða í framleiðsluferlinu. Birtingarmyndir barna í klámi eru hinsvegar fjölbreytilegar, en börn birtast einnig í klámefni með óbeinum hætti þar sem ekki er notast við raunveruleg börn við gerð þess. Þrátt fyrir að engin börn skaðist beint við gerð klámsins fer ekki hjá því að slíkt efni sé ógnun við ímynd barnæskunnar.

4.3 Kynlífsvæðing barna í gervi-barnaklámi

Kenningar hafa verið settar fram á meðal þeirra sem rannsakað hafa klámiðnaðinn um að með því að notast við barngervingu (*pseudo child pornography* eða *virtual child pornography*), einnig kallað „Lolitu-klám“, sé klámiðnaðurinn beinlínis að hita upp fyrir framleiðslu á alvöru og ólögum barnaklámi þar sem notast er við raunveruleg börn (Rolness, 2003). Þessi kenning samræmist hugmyndum og kenningum Gail Dines sem rannsakað hefur klámiðnaðinn undanfarna tvo áratugi og fjallað var um í kaflanum *Markaðsöfl í klámiðnaðinum*.

Það var árið 1955 sem rússneski rithöfundurinn Vladimir Nabokov gaf út bókina *Lolita*. Til marks um þær vinsældir sem bókina hlaut var í framhaldinu gerð bíómynd út frá bókinni árið 1962 og svo aftur 1997. Söguþráður bókarinnar, sem er sögð vera í senn viðbjóðsleg og heillandi, gengur út á ástsýki og kynferðislega óra miðaldra prófessors til 12 ára stjúpdóttur sinnar sem síðar leiðir til kynferðislegs sambands þeirra á milli (Merskin, 2004). Í nútímanum er „Lolita“ tilvísun í unga stúlku sem, sökum lágs aldurs, er meinað samkvæmt lögum að taka þátt í kynferðislegum athöfnum með öðrum, þrátt fyrir að hafa til þess langanir. „Lolitu-ur“ eru vísitandi láttnar vera kynferðislega ögrandi sem ýtir undir óæskilegar kynferðislegar hugsanir fullorðinna gagnvart þeim (Wollek, 2011). Í samhenginu við „Lolitur“ er óhætt að tala um kynlífsvæðingu barna (APA, 2007).

Aukin kynlífsvæðing barnungra stúlkna í fjölmiðlum, auglýsingum, klámiðnaði og samfélaginu í heild, þar sem reynt er að ýta undir kynferðislegar langanir fullorðinna gangvart þeim, er stigvaxandi áhyggjuefni. Sakleysi og varnarleysi þeirra er markaðssett sem

kynferðislegt aðdráttarafl en eftirsóknarverðu barnslegu einkennin sem um ræðir eru að sama skapi áhættuþættir þegar kemur að kynferðislegri misnotkun gagnvart saklausum og varnarlausum börnum. Í þessu samhengi hefur verið talað um „Lolitu áhrifin“ og klámefni með þessum einkennum því gjarnan kallað „Lolitu-klám“ (Merskin, 2004; Rolness, 2003; Wollek, 2011). Áhrif sögunnar um Lolitu gætir víða líkt og áður hefur komið fram. Svo virðist sem árið 1955 hafi verið brotinn ákveðinn múr í því að gera opinberlega út á þær forboðnu kynferðislegu langanir fullorðinna einstaklinga gagnvart barnungum stúlkum.

Samtök í Bandaríkjunum, sem eru málþípa klámiðnaðarins og berjast fyrir tjáningarfrelsi (Free Speech Coalition), tókst árið 2002 að breyta lögnum um barnaklám með þeim hætti að framleiðsla á „Lolitu-klámi“ eða gervi-barnaklámi með barngervingu var gerð lögmæt þar í landi. Rökin fyrir lagabreytingunni vestanhafs voru í nafni tjáningarfrelsisins; þess að hafa rétt til þess að tjá og túlka kynferðislega hugaróra. Í kjölfar þessara lagabreytinga er klámiðnaðinum þar í landi frjálst með öllu að framleiða hverskyns klámefni svo lengi sem notast er við einstaklinga sem komnir er yfir 18 ára aldur, jafnvel þótt þeir líti út fyrir að vera miklu yngri. Að sama skapi er fullkomlega leyfilegt að búa til tölvuteikningar, tölvuleiki og grafískar teiknimyndir af klámfengnu og kynferðislegu myndefni af börnum svo lengi sem ekki er notast við raunveruleg börn við framleiðsluna (Dines, 2010; Levy, 2002; Paul, og Linz, 2008).

Larry Flynt, milljarðamæringur í klámiðnaðinum, hefur í gegnum tíðina talað gegn barnaklámi og var á sínum tíma tilbúinn til að fórna öllum gróða sínum af tímaritinu *Hustler* fyrir þann málstað að koma í veg fyrir og stemma stigu við kynferðislegu ofbeldi gagnvart börnum (Flynt, 1985). Hann er einnig meðlimur í frjálsum félagasamtökum sem hafa síðan 1996 barist gegn myndbirtingum barnakláms á netinu, veitt klámiðnaðinum aðhald í þessum málum og haldið úti tilkynningahnappi, svipuðum þeim sem Barnaheill starfrækir. Þrátt fyrir að Flynt hafi í gegnum tíðina lýst afdráttarlausri skoðun sinni gegn barnaklámi er fyrirtæki hans *Hustler*, eitt þeirra sem gefur út hið umdeilda tímarit *Barely Legal* þar sem „having sex is better when she is barely legal“¹ ásamt því að halda úti samnefndri vefsíðu þar sem

¹ Kynlífið verður betra þegar hún er næstum ólögleg.

mönnum er gefinn kostur á að; „watch these little angels in brace and pig-tails indulge in hardcore action by using their tight teen bodies to do some dirty dirty things“ (Dines, 2010)².

Það þarf lítið annað en að „Googla“ myndaniðurstöður fyrir orðin tvö „schoolboy“ og „schoolgirl“ til þess að sjá áhrif klámvæðingarinnar teygja sig langt út fyrir siðsamleg mörk sem síðan kristallast í óneitanlegum áherslumun í myndbirtingu kynjanna. Í tilvikum skólapilta birtist okkur fjöldinn allur af myndum af ungum saklausum strákum, brosandi með skólatösku. Myndirnar af skólastelpunum eru flestar allt annars eðlis. Þær sitja fyrir í efnislitlum fatnaði og minna frekar á klámstjörnur en ungar námsmeyjar (Google.is, e.d.-a, e.d.-b). Í kjölfar aukinnar klámvæðingar í samfélagi okkar og menningu, verða mörkin sífelld óskýrari milli barnæskunnar og fullorðinsáranna. Það er ógnun við velferð barna þegar allt niður í smábörn, sérstaklega stelpur, eru kynlífsvæddar (Bailey, 2011). Samkvæmt skýrslu APA (2007) um áhrif þess að stúlkur eru kynlífsvæddar er talað um aukningu í eftirspurn eftir barnaklámi en þar eru fræðimenn að sama skapi hvattir til að rannsaka frekar tengsl kynlífsvæðingar stúlkna við kynferðisbrot, barnaklám og kynferðislega misneytingu.

Líkt og áður hefur komið fram hefur Gail Dines miklar áhyggjur af aukinni markaðssetningu iðnaðarins á börnum í gróðrarskyni í kjölfar rannsókna sinna á þróun klámiðnaðarins og birtingarmynda barna í klámefni á netinu (Dines, 2010). Þar er hvorki erfitt né tímafrekt að koma auga á og verða vitni að vafasamri og óhugnanlegri tilvísun í börn í klámi. Barnslegar ímyndir og barngerðar konur á klámsíðum ætluðum fullorðnum á netinu eru víða að finna.

Markmið komandi umfjöllunar í þessum kafla er að útlista ýmsar birtingarmyndir barna í klámi sem samkvæmt bandarískum lögum geta ekki talist ólögmetar. Bandarísku lögin sem snúa að framleiðslu á klámefni eru ekki síður mikilvæg fyrir Íslendinga þar sem netið er landamæralaus vettvangur (Stefán Eiríksson, 2011) og myndefnið jafn aðgengilegt Íslendingum og Bandaríkjamönnum. Það var ekki fyrr en árið 2012 sem slíkar birtingarmyndir voru gerðar ólöglegar héraendis með ákvæði í 210. gr. hegningarlaga (Almenn hegningarlög nr. 19/1940).

² Sjáið þessa engla með spangir og tíkarspena njóta svæsins kynlífs með því að nota stinna og unga líkama sína til þess að gera sóðalega hluti.

4.3.1 Barngerving

Klámiðnaðurinn notar hugtakið „unglingaklám“ (*teen porn*) yfir það myndefni þar sem konur eru barngerðar og látnar líta mjög unglega út. Hugtakanotkun klámiðnaðarins er í raun annað heiti yfir fyrrnefnd hugtök; gervi-barnaklám og Lolitu-klám (*pseudo child pornography* eða *virtual child pornography*) (Dines, 2010). Þrátt fyrir að konurnar séu sagðar hafa náð þeim tilskyldu 18 árum í lífaldri, til að þær séu löglegar og gjaldgengar í löglegum iðnaði klámframleiðslunnar, eru allmörg dæmi þess að útlit stúlkanna vekir upp sterk viðvörunarmerki um barnaklám. Svo virðist sem flóra ungingaklámefnis sé fjölbreytt og spanni breiðan skala af misgróflegu efni með misáberandi tilvísanir í börn. Í þessu samhengi er talað um barngervingu (Paul og Linz, 2008). Ef fjöldi leitarniðurstaðna á google.com fyrir hugtakið „teen porn“ er skoðuður má sjá að leitarorðið gefur rúmlega 200 milljónir niðurstaðna (Google.is, e.d.-c). Unglingaklám er vinsælt fyrirbrigði og hefur eftirspurnin eftir því aukist gríðarlega á undanförunum árum (Dines, 2010). Það er ekki að ástæðulausu sem spurningar vakna um áhrif efnisins á neytandann þar sem slíkt klámeefni er með ótvíræða og áberandi skírskotun í barnslíkamann, sérstaklega stúlkubarna.

Algeng og stigvaxandi birtingarmynd barna í klámi er með þeim hætti að oftast er notast við konur sem eru frekar barnslega líkamlega vaxnar og líta út fyrir að vera yngri en 18 ára. Ýmsir fylgihlutir með tilvísun í börn eru notaðir við gerð efnisins þar sem klámleikkonan er gjarnan með tíkarspena og/eða silkiborða í hárinu, spangir á tönnunum eða heldur á sleikipinna, dúkku eða bangsa (Dines, 2010).

Rakstur líkamshára kvenna á kynfærasvæðinu hefur lengi vel verið gagnrýndur en tískufyrirbrigðið sem rutt hefur sér til rúms í samfélaginu er rakið til klámmynda (Labre, 2002). Harðir gagnrýnendur þessarar þróunar segja hárlaus kynfærasvæði minna á kynfæri ókynþroska barna og því birtingarmynd barna í klámi (Dines, 2010; Russel, 1993a). Klámkóngurinn Larry Flynt sagði árið 1977 að lesendur tímarits, síns *Hustlers*, þá um 10 milljónir manna, óskuðu eftir því að sjá rökuð kynfærasvæði í tímaritinu en raunverulega væru þeir að biðja um ljósmyndir af börnum. Þeir einfaldlega þyrðu ekki að óska eftir slíkum myndum sem þá voru einnig fordæmdar í samfélagi þess tíma (Flynt, 1985).

Megin munur á svokölluðu gervi-barnaklámi og „hefðbundnu“ klámi, þar sem ekki leikur vafi á að um fullorðnar konur er að ræða, er sá að í því fyrrnefnda einkennast myndböndin af miklu valdaójafnvægi og því hversu saklausar og óreyndar stúlkurnar eru á

sviði kynlífsathafna. Þær virðast gjarnan ekki hafa hugmynd um hvað er að fara að eiga sér stað og eru leiddar áfram af karlmönnunum sem eru oftast nær töluvert eldri en þær og líta jafnvel út fyrir að geta verið feður eða afar þeirra. Meðferðin á stúlkunum er varfærnisleg og blíð með kossu og snertingum sem eru sjaldséð nálgun í hinu hefðbundna klámefni (Dines, 2010; Levy, 2002). Það eru heimasíður á netinu tileinkaðar „afmeyjun“ stúlkna, sem hafa þá í sumum tilvikum selt meydóm sinn fyrir framleiðslu efnisins. Einnig má finna ógeðfella framsetningu leikinna myndbanda af kynferðislegri misnotkun föður á dóttur sinni ásamt því að sumar klámvefsíður eru með þemað sifjaspell í ýmsum útgáfum (Dies, 2010).

Klámframleiðendur í Bandaríkjunum hafa framleitt töluvert af því efni sem finna má undir þemarammanum á netsíðunum um sifjaspell sem og annað barngert klámefni með því að nýta sér nýjustu tækni og vísindi á því sviði þannig að myndefnið falli utan þess lagaramma sem bannar slíkt þarlendis.

4.3.2 Tölvugert barnaklám

Framþróun á sviði tölvutækni hefur fært framleiðendum barnakláms þann möguleika að útbúa slíkt myndefni án þess að um raunveruleg börn sé að ræða. Í sumum tilvikum er myndefnið búið til frá grunni með aðstoð tölvutækninnar og í formi teiknimynda þar sem raunveruleg börn koma aldrei við sögu í framleiðsluferlinu (Home Office, 2007). Hér er um að ræða svokallað tölvugert barnaklám (*computer generated image*) sem er myndefni þar sem ekki fer fram misnotkun á raunverulegum börnum í framleiðslu efnisins. Annað afbrigði þar sem tölvutækninni er beitt til að dansa í kringum lögin gegn barnaklámi er þegar raunverulegum ljósmyndum sem sýna kynferðislega misnotkun á börnum er breytt í grafískar teiknimyndir (*morphed image*). Þannig eru þær láttnar líta út fyrir að vera tölvugerðar og myndvinnsla þeirra tilraun framleiðandans til þess að láta þær falla innan lagaramma um barnaklám (Levy, 2002; Home Office, 2007).

Tölvugert barnaklám birtist til að mynda í tölvuleiknum, *Second life viewer*. Markmið leiksins felst ekki í að sigrast á hindrunum eða vinna tiltekin borð heldur er leikurinn hlutverkaleikur þar sem leikmaðurinn spilar leikinn í formi manngervings, sem getur hannað sína eigin veröld og gert allt sem ímyndunaraflíð bíður uppá. Leikmaðurinn getur einnig átt í samskiptum við aðra leikmenn um heim allan. Skráðir notendur leiksins eru um 17 milljónir manna og að meðaltali eru um 40.000 notendur innskráðir á öllum stundum sólarhringsins (Huvila, Holmberg og Widén-Wulff, 2010). Í gengum tölvuleikinn getur leikmaðurinn til að

mynda uppfyllt fantasíur sínar um kynferðislegt samneyti við barn í gegnum leikborð sem nefnist „Wonderland“. Í Undralandinu má til að mynda að finna leikvelli þar sem börn bjóða uppá kynlíf, bari þar sem börnum er nauðgað og kjallarakompur skólabygginga þar sem börnum er haldið í gíslingu og þeim misþyrmt. Grafísk gæði í umræddum tölvuleik eru ekki mjög góð og leikurinn sagður vera langt frá því að vera mjög raunverulegur eða trúverðugur. Annað dæmi um gervi-barnklám, þar sem notast er við tölvutækni eða teiknimyndir sem eru augljóslega ekki ekta, eru kynferðislegar teiknimyndafígúrir af börnum á borð við hinar japönsku „Hentai“ teiknimyndir sem sýna gróft kynferðislegt efni (Russel, 2008).

Áhyggjur manna sem snúa að framleiðslu á tölvugerðu barnaklámi beinast að þeirri hættu að slíkt myndefni styrki óæskilegar kynferðislegar tilfinningar fullorðinna gagnvart börnum og því beri að banna dreifingu og vörslu þess (Home Office, 2007). Hér á landi voru umræddar birtingarmyndir barna í klámi felldar inní bann á vörslu, dreifingu og áhorf á barnaklámi árið 2012 með eftirfarandi viðbót við 210. gr.; „...eða ef líkt er eftir barni í slíku efni þó að það sé ekki raunverulegt, svo sem í teiknimyndum eða öðrum sýndarmyndum“ (Hgl. nr. 19, 1940).

5 Áhrif þess að börn eru kynlífsvædd í klámi

Þegar horft er til áhrifa kláms á ofbeldishegðun þess sem horfir á slíkt efni ber að nefna þrjár grundvallar kenningar sem hafa verið til umræðu í gegnum tíðina. Þessar kenningar hafa helst miðað að því að útskýra tengsl kláms við ofbeldisfulla hegðun karla gagnvart konum en geta þó einnig átt við um áhrif barnakláms (Goode, 1994).

„The Catharsis theory“ var vinsæl fyrr á árum en er nú talin úreld. Hún boðar að klám hafi jákvæðar afleiðingar í för með sér með þeim hætti að áhorfandinn fær útrás fyrir andfélagslegar kynferðislegar hvatir sínar í gegnum klámið og beiti því síður kynferðisofbeldi (Goode, 1994). Russel og Purchell (2008) vilja þó meina að kenningin njóti enn óskiljanlegra vinsælda þar sem margir einstaklingar ásamt nokkrum fræðimönnum álíta ofbeldisfullt klám enn á tímum vera ákveðinn öryggisventil þar sem menn svali óæskilegum hvötum sínum í gegnum klámið.

„Modeling theory“ samræmist kenningum afbrotafræðinnar um félagsnám en hún felur í sér að notendur kláms læri kynferðislegt atferli í klámi og beiti fenginni reynslu sinni í raunveruleikanum, reynslu sem byggir á að niðurlægja, þvinga og skaða (Goode, 1994). Þriðja kenningin er að ekkert samband („No effects theory“) sé á milli áhorfs á klámi og ofbeldisfullrar hegðunar (Goode, 1994).

Áhrif barnakláms má skoða út frá tveimur sjónarhornum, annars vegar út frá áhrifum barnaklámsins á börnin sem eru fórnarlömb vegna framleiðslu þess og hins vegar út frá áhrifum klámsins á þann sem skoðar það (Taylor og Quayle, 2003). Áhrif barnaklámsins á fórnarlömbin eru óumdeilanlega það tilfinningalega, líkamlega og kynferðislega ofbeldi sem börn verða fyrir í framleiðsluferlinu með tilheyrandi afleiðingum. Sjónarhorn fórnarlömbins hefur að nokkru leyti verið dekkjað í umfjöllun fyrri kafla og út frá markmiðum laganna um bann á framleiðslu, vörslu og dreifingu barnakláms. Það er ekki síður mikilvægt að skoða áhrif barnakláms á þá aðila sem neyta þess og hvort slíkt efni geti mögulega ýtt undir að viðkomandi þrói með sér barnagirnd og jafnvel brjóti gegn barni síðar meir.

Rannsóknir hafa sýnt fram á að marktæk tengsl séu á milli þess að horfa á og skoða barnaklám og þess að brjóta gegn börnum (Sheldon, 2011; Taylor og Quayle, 2003).

Rannsóknir hafa einnig sýnt fram á niðurstöður sem draga sambandið í efa (Endrass o.fl., 2009; Webb, Craissati og Keen, 2007).

Niðurstöður rannsóknar sem birt var árið 2008 (Bourke og Herandez) sem fólst í því að skoðaðir voru 155 dæmdir karlkyns brotamenn sem höfðu gerst sekir um að hafa undir höndum sínum barnaklám, er dæmi um eina slíka rannsókn. Mennirnir voru ekki taldir eiga neinn þátt í framleiðslu á myndefninu né höfðu hlotið dóm fyrir beint kynferðisbrot gegn barni heldur voru þeir einungis taldir brotlegir neytendur á barnaklámi. Rannsóknin leiddi af sér játningu 85% brotamannanna um að hafa brotið gegn barni að minnsta kosti einu sinni. Heildarfjöldi fórnarlamba þessara manna voru 1.777 einstaklingar, í nær flestum tilvikum börn. Að mati Bourke og Herandez eru þeir sem skoða barnaklám í gríðarlegum áhættuhópi á að brjóta gegn barni.

Önnur rannsókn leiddi í ljós efasemdir um að allir þeir sem skoða barnaklám séu sjálfkrafa í aukinni áhættu að brjóta gegn barni ásamt því að hún gaf vísbendingar um að orsakasambandið snúi ef til vill öfugt við það sem haldið hefur verið fram. Í þeirri rannsókn voru karlmenn sem höfðu gerst brotlegir á vörslu barnakláms og var hópnum skipt í tvo flokka. Annars vegar voru þeir sem til viðbótar höfðu brotið beint gegn barni og hins vegar þeir sem ekki höfðu framið slíkt brot. Niðurstöðurnar leiddu í ljós að 82% þeirra sem brotið höfðu gegn barni höfðu í kjölfar þess brots orðið sér út um barnaklám, ekki öfugt (McCarthy, 2010).

Skortur er á rannsóknum til þess að spá fyrir með vissu um þá áhættu sem það hefur í för með sér að horfa á og notast við barnaklám. Fyrirliggjandi rannsóknargögn á viðfangsefninu eru tvíbent og að auki háð ýmsum takmörkunum hvað varðar réttmæti og áreiðanleika enda gjarnan beitt eigindlegum aðferðum við rannsóknirnar eða notast við opinber göng (Jenkins, 2001; McCarthy, 2010). Eðli sambands barnakláms við kynferðisbrot gegn börnum er óljóst, margslungið og víxlverkandi (Bourke og Herandez, 2008). Kynferðisbrot gegn börnum er flókið fyrirbrigði sem erfitt er að útskýra og skilja nema horft sé til fjölmargra og ólíkra áhrifaþátta. Það er því mikilvægt að ekki sé horft á þá aðila sem leita eftir barnaklámi á netinu sem einsleitan hóp heldur sem margbreytilega einstaklinga sem sækjast eftir myndefninu af ólíkum ástæðum og forsendum (McCarthy, 2010).

Ýmsar kenningar eru vel til þess fallnar að varpa ljósi á tengsl kláms við kynferðisbrot, einnig í tilvikum þar sem fórnarlömbin eru börn. Hér á eftir verða tengsl birtingarmynda

barna í klámi, þar sem þau eru kynlífsvædd, við kynferðisbrot gegn þeim skoðuð sérstaklega út frá femínískum-, líf- og sálfræðilegum kenningum og félagsnámskenningum.

5.1 Femínískar kenningar

Kenningar um femínisma spruttu fram í kjölfar þess að hreyfingar kvenna og ýmissa jaðarhópa hófu baráttu sína gegn kynjamisrétti og kúgun í karllægum menningarheimi á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar. Femínísk nálgun miðar að því að bæta úr því kynjaða kerfi sem hallar á réttindi kvenna (Andersen, 2003). Slík nálgun er gjarnan notuð í gagnrýni á klám þar sem slíkt efni gengur oftast út á markaðssetningu á kvenmannslíkamanum á þann hátt sem fullnægir karlmönnum (Goode, 1994). Kvenmenn eru engu að síður líka í hópi neytenda á klámi ásamt því að sérstakt klám, ætlað konum er framleitt nú á tímum, stundum kallað femínískt klám (Jóna Ingibjörg Jónsdóttir, 2009). Umfjöllun þessa kafla miðast við þá staðreynd að meirihluti þeirra sem horfa á klám eru karlmenn (Sørensen og Knudsen, 2006).

Femínistar vilja meina að klámfengið efni með tilheyrandi virðingarleysi og ofbeldi gagnvart konum og börnum leiði af sér ofbeldisfulla hegðun karlmannna gagnvart þeim í raunveruleikanum (Goode, 1994; Helgi Gunnlaugsson, 2007). Talsmenn femínískra hreyfinga erlendis segja klám og klámvæðingu geta alið af sér kynferðisafbrotamenn (Dines, 2010; Russel, 1986, 1993a).

Ójöfnuður kynjanna í klámi er sagður birtast með þeim hætti að konur eru hafðar naktar á móti fullklæddum karlmönnum eða kynfæri kvenna er afhjúpuð en ekki kynfæri karlanna. Slík framsetning á ólíkri valdastöðu kynjanna er með þeim hætti að karlmaðurinn er alltaf hafður valdameiri og ráðandi yfir konunni (Russel, 1993b). Í klámi á sér að auki stað hlutgerving manneskjunnar, oftast kvenna en einnig í tilvikum barna, þar sem komið er fram við hana á ómannúðlegan hátt og notast við ógeðfelld og niðrandi orð. Klám einkennist gjarnan af kvenfyrirlitningu þar sem konan er undirgefin karlmanninum sem getur gert hvað sem honum sýnist við líkama konunnar. Í slíku klámefni er nauðganir, lítilsvirðing og ofbeldi í kynlífsathöfnum einkennandi og sett fram með þeim hætti að slíkt sé kynþokkafullt og samþykkt (Dworkin, 1989; Russel, 1993a, 1993b). Goðsögnin um að allar konur séu alltaf til í allt, hvenær sem er og með hverjum sem er, er studd ásamt þeirri ranghugmynd að nei þýði í raun já í kynlífi (Dines, 2010). Það er því ekki að ástæðulausu að femínískir fræðimenn hafa

rannsakað og velt fyrir sér áhrifum klámsins á nauðganir og heimilisofbeldi en nauðgun er til dæmis talin vera lært atferli út frá ofbeldisfullu klámefni. Fræðimenn innan femínískrar nálgunar eru þó ekki á eitt sáttir um hvernig skoða beri þessi tengsl. Að sumra mati er klám talið vera birtingarmynd kynbundinnar menningar okkar en ekki orsakavaldur (Shrage, 2012).

Fræðimenn innan femínískrar hugmyndafræði, sem álíta að klám geti haft áhrif á kynferðisbrot gegn konum, með þeim hætti sem lýst hefur verið, hafa einnig áhyggjur af birtingarmyndum barna í klámi og telja sambandið vera svipað eðlis. Notkun manna á barnaklámi getur samkvæmt kenningu þeirra orsakað að neytandinn brjóti síðar gegn barni (Dines, 2010; Russel, 1984, 1993a). Í ljósi þeirrar þróunar sem orðið hefur í útbreiðslu á barnaklámi eru börn kynlífsvædd í hugum fjölmargra manna sem notast við slíkt efni (O'Connell, 2001). Samkvæmt femínískum kenningum getur slíkt myndefni valdið því að neytendur þess þrói með sér barnagirnd þar sem myndefnið getur grafið undan félagslegum hömlum þess að kynferðislegt samneyti með börnum sé forboðið ásamt því að ýta undir kynferðislega löngun þeirra gagnvart þeim.

Gervi-barnaklám, með skírskotun og tilvísun í börn ásamt barngervingu, er talið vera til þess fallið að virka sem upphitun fyrir notkun á alvöru barnaklámi (Dines, 2010; Russel og Purcell, 2008). Þessi kenning er mjög umdeild og eru niðurstöður rannsókna á áhrifum gervi-barnakláms misvísandi. Margar rannsóknir leiða í ljós að slíkt klám sé ekki til þess fallið að búa til barnaníðinga (Rolness, 2003).

Kenningar um félagsnám ásamt sál- og líffræðilegum kenningum kallast með ýmsum hætti á við femínískar kenningar um áhrif kláms, barnakláms og birtingarmynda barna í klámi. Þær eru því ekki síður til þess fallnar að útskýra kenningar á meðal þeirra femínista sem óttast skaðleg áhrif kláms og klámvæðingar.

5.2 Líf- og sálfræðikenningar

Nokkrar kenningar um kynferðislegan áhuga manna á börnum ganga út frá kenningu Sigmund Freud um að mannveran sé í eðli sínu siðlaus og geti örvast kynferðislega á margan og fjölbreytilegan hátt, til að mynda vegna barna. Slíkar óæskilegar langanir séu þó bældar niður vegna þeirra snemmtæku félagsmótunar sem manneskjan verður fyrir allt frá fæðingu, þar sem samfélagsleg gildi og viðmið mæla fyrir um hvað sé siðsamlegt og hvað forboðið (Finkelhor, 1987; Russel, 1984). Þannig vilja sumir fræðimenn meina að allir fullorðnir

einstaklingar geti haft kynferðislegar langanir til barna eða unglunga en að mestu leiti séu slíkar langanir bældar. Það sé því í raun mun algengara en við viljum trúna að „venjulegir“ gagnkynhneigðir karlmenn laðist að börnum kynferðislega þó svo að kynferðislegt aðdráttarafl gagnvart fullorðnum sé í flestum tilvikum talið yfirsterkara því sem beinist að börnum og unglungum (Freund, 1981; Hall, Hirschman og Oliver, 1995; Russell og Purchell, 2008).

Kynferðislegur áhugi manna gagnvart unglungum sem náð hafa kynþroska og eru undir 18 ára aldri telst ekki barnagirnd samkvæmt APA því í greiningarkerfinu er, eins og áður hefur komið fram um barnagirnd, yfirleitt miðað við ókynþroska börn undir 13 ára aldri (APA, 2003). Rannsóknir í taugasálfræði á því hvort heilastarfsemi þeirra sem eru með barnagirnd sé með einhverjum hætti öðruvísi en þeirra sem ekki eru greindir með geðröskunina hafa gefið vísbendingar um að svo sé. Út frá háþróaðri myndtækni á starfsemi heilans má greina skort á vitsmunþroska ásamt óeðlilegri heilastarfsemi meðal þeirra sem greindir eru með barnagirnd miðað við þá sem ekki eru haldnir röskuninni (Goldsmith, 2012).

Í raun er ekkert óeðlilegt við að fullorðnir einstaklingar laðist kynferðislega að kynþroska unglungum út frá líffræðilegu sjónarhorni þótt ekki sé um að ræða barnagirnd (Dietz og Sears, 1987-1988). Það er ef til vill ein ástæðan fyrir því af hverju barngerving í klámi er jafn algeng og raun ber vitni og getur ef til vill útskýrt vinsældir klámefnis á borð við gervi-barnaklám og „Lolitu-klám“ (Dines, 2010). Philip Jenkins gagnrýnir til að mynda þá tvíflokkun manna í „eðlilega“ og svo „barnaníðinga“ og segir að grundvallarmunurinn milli þessara tveggja flokka sé ekki endilega svo mikill (Jenkins, 2001). Það er mikilvægt að hafa þetta í huga í samhengi við barnaklám og aukinna birtingarmynda barna í klámefni, því þeir sem gerast sekir um að skoða barnaklám eða klám sem einkennist af barngervingu er mun stærri hópur en sá sem haldinn er barnagirnd (Dines, 2010; O’Connell, 2001; Russell og Purchell, 2008; Sheldon, 2011)

Líffræðilegar kenningar um menn sem brjóta gegn börnum kynferðislega beinast að því að slíkir menn upplifi óæskilega og afbrigðilega örvun af kynferðislegum toga gagnvart þeim (Finkelhor, 1987). Rannsóknir hafa staðfest þetta í líkamlegum mælingaraðferðum. Í rannsókn sem framkvæmd var árið 1981 gefa niðurstöður ákveðna vísbendingu um að slík kynörvun sé ekki endilega svo óalgeng og styður jafnframt gagnrýni Jenkins. Kurt Freund mældi í rannsókn sinni holdris hjá gagnkynhneigðum karlmönnum við það að sjá ljósmyndir

og myndskleið af nöktum einstaklingum á breiðu aldursbili, bæði börnum og fullorðnum, af báðum kynjum. Niðurstöður hans leiddu í ljós að kynferðisleg örvun átti sér stað hjá þátttakendum rannsóknarinnar þegar þeim voru sýndar myndir af fullorðnum konum en jafnframt mældist örvun, þó í minna mæli væri, þegar þeir sáu myndir af börnum.

Kenning meðal femínista sem tengjast líffræðilegum þáttum, á rætur sínar að rekja til kenningar um þróun kynhlutverka í samfélaginu (Bem, 1983). Samkvæmt henni hefur samfélagið mótað karla til þess að laðast að mökum sem eru minni, yngri og veikbyggðari en þeir sjálfir, með öðrum orðum, barnslegri. Á meðan hafa konur tilhneigingu til þess að laðast að því gagnstæða (Russel, 1984). Félagsmótun kynjanna gæti þannig átt sinn þátt í því að í flestum tilvikum þar sem fullorðinn einstaklingur laðast kynferðislega að barni er um karlmann að ræða.

Á sviði líffræðinnar hefur verið skoðaður sá möguleiki að þeir sem skoði klám í miklum mæli geti jafnvel þróað með sér klámfíkn og orðið háðir slíku myndefni, svipað og með vímuefnafíkn. Sú kenning að einstaklingar geti orðið líkamlega háðir klámfengnu myndefni er þó umdeilanleg og eru niðurstöður rannsókna á þessu viðfangsefni misvísandi (Wetterneck, Burgess, Short, Smith og Cervantes, 2012; Tarver, 2010). Samkvæmt umræddri kenningu er taugastarfsemi heilans sögð aðlagast þeirri kynferðislegu örvun sem á sér stað við áhorf á klámefni. Fjögra stiga módel er gjarnan notað til þess að lýsa því hver áhrifin eru af mikilli neyslu á klámi. Fyrst verður neytandinn líkamlega háður kynferðislegri örvun vegna klámmynda og í framhaldinu á sér stað stigmögnun í grófleika myndefnisins til að ná fram sömu áhrifum og áður. Neytandinn þarf því alltaf að leitast eftir nýjum tegundum myndefnis svo það sé fullnægjandi. Þriðja stigið snýr að ónæmi þess að örvast kynferðislega með því að skoða klámmyndefni sem leiðir af sér fjórða og jafnframt lokastigið, raunverulega kynferðislega framkvæmd. Á fjórða stigi er viðkomandi orðinn háður mjög grófu myndefni sem felur gjarnan í sér ofbeldisfullar kynlífsathafnir með fullorðnum eða jafnvel kynlífsóra gangvart börnum. Módelið er tilraun fræðimanna til að sýna fram á að kynferðislegt ofbeldi gagnvart fullorðnum jafnt sem börnum sé tilkomið vegna kláms (D'orlando, 2011). Þetta módel samræmist niðurstöðum Jenkins í bók hans *Beyond tolerance* (2011) þar sem hann segir notendur barnakláms mynda þol gagnvart grófleika í barnaklámi og þar af leiðandi leita stöðugt eftir grófara efni til þess að fullnægja þörfum sínum. Þeir sem leita í barnaklám og kynferðislega örvun, tilkomna vegna barna, eru sagðir vera menn sem mögulega hafa glatað

getu sinni til þess að mæta kynferðislegum þörfum sínum með hefðbundnum hætti (Finkelhor, 1987).

Rannsóknir hafa sýnt fram á að samband sé milli þess að örvast kynferðislega við að skoða og horfa á barnaklám og að brjóta gegn barni síðar meir, sérstaklega í þeim tilvikum þar sem viðkomandi stundar sjálfsfróun yfir slíku efni (Taylor og Quayle, 2003). McGuire, Carlisle og Young (1965) komu fram með kenningu um gildi skilyrtrar sjálfsfróunar (*masturbatory conditioning*) í því að þróa með sér afbrigðilega kynóra, til dæmis gagnvart börnum. Samkvæmt kenningu þeirra á sér stað ómeðvituð þörun ákveðins hlutar eða aðila við kynferðislega örvun einstaklingsins eða fullnægingu. Þessari kenningu til stuðnings má nefna niðurstöður rannsóknar á virkri skilyrðingu þar sem mátti greina gildi kynferðislegrar örvunar á meðal karla þegar þeim voru sýndar myndir af glerkrukku eftir að sú mynd hafði verið þöruð við myndir af nöktum kvenmönnum (Plaud og Martini, 1999). Að sama skapi getur verið mögulegt að meðhöndla menn sem laðast að börnum með því að skilyrða þá til kynferðislega langana gagnvart fullorðnum í staðinn (Ólafur Örn Bragason munnleg heimild, 24. mars 2014; Russel og Purchell, 2008). Samt sem áður eru til fáar vísindalegar sannanir fyrir því að þessi meðferð skili árangri (Hoffmann, 2012).

Þegar markmið manna með notkun barnakláms er að fullnægja kynferðislegum hugarórum með sjálfsfróun er hætta á að sú hegðun geti aukið á fantasíur og kynóra þeirra gagnvart börnum (Burgess, Mahoney, Visk og Morgenbesser, 2008; Russel og Purchell, 2008). Niðurstöður rannsóknar á hópi dæmdra barnaníðinga sýna að um þriðjungur þeirra höfðu að minnsta kosti nokkrum sinnum gerst sekir um að horfa á barnaklám (Taylor og Quayle, 2003). Að mati sumra fræðimanna getur sjálfsfróun yfir gervi-barnaklámi virkað sem einskonar tenging milli „hefðbundins“ klámefnis og barnaklámefnis sem veldur því að neytandinn fer smám saman að þróa með sér kynferðislegar langanir gagnvart yngri unglingsstúlkum og piltum sem að lokum getur leitt þá í barnahneigð á ókynþroska börnum (Paul og Linz, 2007; Russel og Purchell, 2008).

Ólafur Örn Bragason, réttarsálfræðingur sem sérhæfir sig í óviðeigandi kynhegðun ungmenna og hefur einnig unnið með kynferðisbrotamönnum, segir þessa kenningu ekki ólíklega. Að hans mati er það nokkuð ljóst að áhrif þess að fá fullnægingu yfir klámefni með sterka tilvísun í börn getur myndað skilyrðingu sem styrkir og dýpkar slíka hugaróra. Að sama skapi telur hann líklegt að slíkt geti minnkað hömlur manna um kynferðislegan áhuga á

börnum, réttlætt slíka hugsun og þannig aukið hættuna á að viðkomandi gangi alla leið í því að misnota barn kynferðislega (Munnleg heimildi, 24. mars 2014).

5.3 Félagsnámskenningar

Kenningar um félagsnám eru sprottnar upp úr þróun á hegðunarsálfræði á seinni hluta tuttugustu aldar sem eru að jafnaði kenndar við Albert Bandura. Þær ganga út á að aðferðir og atferli afbrotahegðunar sé miðlað með samskiptum og hreinlega lært (Warr, 2002). Kenningin innan afbrotafræðinnar rekur upptök sín til Edwin Sutherland en fræðimennirnir Robert Burgess og Ronald Akers komu fram með kenningu árið 1966 (*Differential reinforcement theory*) sem gengur út á að afbrotahegðun sé lært atferli út frá beinni og óbeinni upplifun af umhverfinu. Nauðsynleg áhrif neikvæðrar og jákvæðrar styrkingar í formi umbunar eða refsingar ráði síðan úrslitum um hvort hegðunin verði síðar tekin upp og festi sig í sessi hjá einstaklingi sem upplifði og lærði atferlið í umhverfi sínu. Með óbeinum samskiptum er vísað til fjölmiðla, fréttu, tónlistar-myndbanda og texta, sjónvarps og netmiðla (Siegel, 2012).

Rannsóknir hafa sýnt fram á niðurstöður þess efnis að fólk sem stöðugt er vitni af ofbeldi í umhverfi sínu er líklegra til að tileinka sér ofbeldisfulla hegðun sjálf (Siegel, 2012). Til að sannreyna tilgátur um að ýmis andfélagsleg hegðun á borð við ofbeldisverknað sé komin til vegna félagsmótunar frá umhverfinu hafa verið framkvæmdar margar rannsóknir innan kenninga um félagsnám. „Bobo Doll“ rannsókn Bandura sýndi fram á marktækt samband milli ofbeldisfulls sjónvarpsefnis og aukinni tilhneigingu árásahegðunar meðal leikskólabarna. Mikið áhorf ungra pilta á ofbeldisfullt sjónvarpsefni hefur einnig leitt af sér árásagjarna hegðun seinna á æviskeiðinu (Geen og Donnerstein, 1998). Í ljósi niðurstaðna rannsókna á þessu sviði hefur afleiðing kláms á ofbeldishegðun áhorfandans verið rannsakendum hugleikin innan margra ólíkra fræðigreina (Real, 1996).

Fjölmargar rannsóknir á áhrifum kláms út frá félagsnámskenningum hafa sýnt fram á að með því að fylgjast með kynlífsathöfnum annarra geti viðkomandi lært hvað sé samfélaglega viðurkennt og leyfilegt í kynlífi og hvað ekki (Paul og Linz, 2007). Til eru rannsóknir sem sýna fram á að beint marktækt samband sé milli áhorfs karlmanna á ofbeldisfullt klámefni og þess að þeim þykir aukið ofbeldi gagnvart konum sjálfsagðara (Goode, 1994). Niðurstöðurnar hafa í sumum tilvikum þó verið minna afgerandi en samband ofbeldisfulls sjónvarpsefnis og

ofbeldisfullrar hegðunar. Því hafa niðurstöður slíkra rannsókna verið mismunandi og háðar þeim ólíku tegundum aðferða sem rannsakandi notast við (Real, 1996). Fræðimenn eru þannig ekki á eitt sáttir um áhrif kláms á kynferðisbrot þrátt fyrir töluverðar rannsóknir í gegnum tíðina. Ekki hefur enn tekist að sanna nægilega vel umrædd tengsl með vísindalegum rannsóknum sem gjarnan draga sambandið í efa frekar en að styðja það (Taylor og Quayle, 2003). Afbrotafræðingurinn Helgi Gunnlaugsson (2007) virðist til að mynda telja litla ástæðu til að leggja mikið upp úr sambandi kláms og kynferðisbrota miðað við eftirfarandi orð hans; „*Klámefnið getur ekki verið meginástæða þess að þeir (kynferðisbrotamenn) frömdu brotin heldur er alveg eins hægt að líta á klám sem hentugt skálkaskjól til að réttlæta eða afsaka misgjörðirnar*“ (bls. 177). Að mati Helga er klám því ekki aðal ástæða kynferðisbrota út frá félagsnáms-kenningum.

Félagsnámskenningar eru ekki síður notaðar til þess að útskýra áhrif barnakláms á neytandann. Áhyggjur fræðimanna á skaðlegum áhrifum barnakláms beinast gjarnan að því að notendur þess geti þróað með sér barnagirnd (Bourke og Hernandez, 2008). Í því sambandi spilar kynlífsvæðing barna stóran þátt en í barnaklámi eru óæskilegar fantasíur manna sem brjóta í bága við lög í raunveruleikanum örvaðar og ýtt undir þær. Sú hætta getur skapast að slíkar hugsanir manna verði síðar framkvæmdar. Með því að kynlífsvæða börn og gera í töluverðum mæli og markvisst út á óæskilegar kynferðislegar langanir fullorðinna gangvart þeim, er slíkt athæfi samþykkt í hugum manna sem í kjölfarið getur ýtt undir að menn laðist kynferðislega að börnum (Taylor og Quayle, 2003). Önnur skaðleg áhrif þess að skoða barnaklám eru hlutgerving barna og ónæmi áhorfandans fyrir skaðseminni sem barnið verður fyrir (Bourke og Hernandez, 2008).

Talið er að refsing vegna notkunar og neyslu á barnaklámi stýrist einnig af ótta út frá þeim skaðlegu áhrifum sem neytandinn verður fyrir. Slíkar áhyggjur eru skiljanlegar enda töluverð skynsemi og röksemd í slíkum ótta (Taylor og Quayle, 2003).

Dæmdir barnaníðingar hafa komið fram með þá útskýringu á brotum sínum að þau komi til vegna þess að þeir komust óvart í kynni við barnaklám á netinu. Þeir hafa bent á það í rannsóknum að ef ekki væri fyrir aðgengilegt barnaklámefni á netinu hefðu þeir ekki uppgötvað þessa kynóra sína (Bourke og Hernandez, 2008; Russell og Purcell, 2008). Efasemdir eru um þessar útskýringar og þær taldar vera ein aðferð réttlætningar samkvæmt félagsnámskenningum, þ.e. afneitun ábyrgðar (Helgi Gunnlaugsson, 2008). Að verða sér úti

um ólögmætt barnaklámefni kallar á einbeittan brotavilja og krefst töluverðrar fyrirhafnar ásamt net- og tölvukunnáttu (Sheldon, 2011). Russel er ósammála því að einungis einstaklingar með barnagirnd leiti uppi umrætt myndefni á netinu. Hún sýnir fram á í kenningarmódeli sínu *The Exposure of Males to Child Pornography as a Cause of Child Sexual Victimization* (2008) að „venjulegir“ gagnkynhneigðir karlmenn sem ekki með neinum hætti höfðu kynferðislegan áhuga á börnum, fyrir áhorf þeirra á barnaklámi, geti eftir kynni sín af slíku klámi, þróað með sér kynferðislegan áhuga gagnvart börnum.

Eins og áður hefur komið fram var gerð lagabreyting í Bandaríkjunum árið 2002 sem leyfði framleiðslu á klámefni með barngervingu og tölvugerðu barnaklámi. Slíkt efni er því aðgengilegt öllum þeim sem skoða „hefðbundið“ klámefni á netinu, líka hérlendis. Áhrif slíks myndefnis sem dansar á línunni við að vera ólöglegt, hefur verið rannsakendum í Bandaríkjunum sem og víða mjög hugleikið út frá til að mynda félagsnámskenningum. Það er rétt að minna á, líkt og áður hefur komið fram, að vissulega er umrædd birtingarmynd barna í klámi orðin ólögmæt hér á landi eftir breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19 árið 2012. Samkvæmt félagsnámskenningum og svipað því sem fram kemur í kenningunni um skilyrta sjálfsfróun og einnig innan femínískra fræða, er talið líklegt að gervi-barnaklám geti ýtt undir kynlífsvæðingu barna sem og kynferðislegan áhuga fullorðinna á þeim.

Klámefni með barngervingu og tölvugert barnaklám getur því orsakað að fleiri börn séu misnotuð kynferðislega ásamt því að umburðarlyndi samfélagsins fyrir slíku ofbeldi eykst. Rannsóknir hafa sýnt fram á að birtingarmyndir barna í því formi sem um ræðir styrki hugsanatengingar áhorfandans um börn við kynlíf, jafnvel kynlífsvæði þau. Sama rannsókn gat þó ekki leitt í ljós að slíkt klámefni hefði bein marktæk áhrif á aukið umburðarlyndi manna gagnvart barnaklámi eða kynferðisbrotum gegn börnum. Félagslegt taumhald sem mælir fyrir að kynlíf og börn fari ekki saman er talið gegna mikilvægu hlutverki í því að viðhorf áhorfandans breytist ekki við það eitt að horfa á gervi-barnaklám (Paul og Linz, 2007).

Þrátt fyrir að áhrif barngervingar í klámi séu enn óljós, út frá þeim vísindalegu rannsóknum sem nú á tímum er stuðst við, hafa alþjóðasamtök á borð við Evrópuráðið tekið tillit til þeirra mögulegu skaðlegu áhrifa sem slíkt klám getur haft í för með sér. Skilgreining barnakláms samkvæmt samningi Evrópuráðsins um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun ber þess merki en aðildarríkjum samningsins er í

sjálfs vald sett að ákveða hvort þau beiti ákvæðinu um „myndræna hermiframsetning eða myndir sem virðast raunverulegar af barni sem er ekki raunverulegt“ (Þingskjal 417, 2011-2012).

6 Niðurstöður

Klám er umdeilt fyrirbrigði og hafa fræðimenn á undanförunum áratugum velt fyrir sér hvort slíkt myndefni geti haft skaðlegar afleiðingar í för með sér. Út frá umfjöllun ritgerðarinnar, sem byggir á skilgreiningu kláms þar sem greinarmunur er gerður á klámi og erótík, er nokkuð skýrt að klám á fátt sameiginlegt með gagnkvæmri ást, virðingu og valdajafnvægi. Þróun klámefnis er hröð og ógnvænleg en flóra þess er mikil og spannar margar víddir í fjölbreytileika og grófleika. Eitt af því sem trónir á toppnum þegar kemur að grófleika klámefnis og er í senn fullkomlega siðlaust og óviðeigandi er klámefni sem markaðssetur börn í fjárhagslegum tilgangi.

Tilvist barnakláms og birtingarmynda barna í klámi er óumflýjanleg og óhugnanleg staðreynd. Ýmist sýnir klámefnið kynferðislegar og klámfengnar myndir af raunverulegum börnum með tilheyrandi líkamlegum, tilfinningalegum og andlegum skaða eða það einkennist af barngervingu. Í öllum tilvikum er þó um að ræða óæskilega tengingu barna við kynlíf og kynlífsvæðingu.

Barnaklám er birtingarmynd kynferðislegs ofbeldis gagnvart börnum og getur tengst sölu á börnum og barnavændi. Í barnaklámi með raunverulegum börnum eru börnin í flestum tilvikum stúlkubörn undir tíu ára aldri. Tegundir og grófleiki slíks myndefnis er fjölbreytilegur.

Framleiðsla og eftirspurn eftir barnaklámi hefur aukist á undanförunum árum í andstöðu við ríkjandi viðmið vestrænna samfélaga um að börn og kynlíf fari ekki saman. Þar er tilkoma netsins og þróunar á sviði tölvutækni talin vera megin ástæðan. Efnið er aðgengilegra en fyrir tíma nettækninnar þar sem nú á tímum er bæði ódýrt og auðvelt að bæði dreifa og nálgast klámefni með börnum í skjóli nafnleyndar. Engar rannsóknir er að finna um framleiðslu barnakláms hér á landi en tilvist aðila í íslensku samfélagi sem sækjast eftir slíku efni er staðreynd þegar opinberar upplýsingar frá lögreglu og dómsstólum eru skoðaðar.

Gervi-barnaklám og klámefni með barngervingu er gjarnan framleitt með aðstoð tölvutækni þar sem ekki er notast við raunveruleg börn, eða með þeim hætti að fullorðnir aðilar leika hlutverk barna. Í þeim tilvikum þar sem notast er við tölvutækni við gerð barnakláms er það ýmist framleitt frá grunni með aðstoð tækninnar í formi teiknimynda eða með þeim hætti að ljósmyndum af raunverulegum börnum í klámi er breytt í grafískar

teiknimyndir. Einnig er að finna barnaklám af þessari tegund í tölvuleikjum á borð við *Second life viewer*. Eftirspurn eftir gervi-barnaklámi hefur aukist að undanfögnu en í Bandaríkjunum var gerð breyting á lögum árið 2002, vegna þrýstings frá framleiðsluaðilum kláms, sem leyfir framleiðslu á umræddri tegund kláms.

Þeir aðilar sem sækjast eftir barnaklámi og barnslegum ímyndum í klámi eru aðallega karlmenn sem hafa í mörgum tilvikum einhver einkenni barnagirndar. Markhópurinn fyrir barnaklám er þó mun margbreytilegri og fjölmennari en hópur barnaníðinga þar sem einstaklingar sem sækjast í umrætt klámefni gera slíkt af ólíkum ástæðum og forsendum, í sumum tilvikum vegna forvitni. Sú tvíflokkun manna í „eðlilega“ á móti „barnaníðingum“ hefur fengið á sig gagnrýni þar sem út frá grundvelli líffræðinnar um kynferðislega örvun mannsins má ætla að hærra hlutfall fullorðinna einstaklinga örvist kynferðislega vegna barna en almennt er talið. Í þessu samhengi er mikilvægt að hafa í huga greinarmun á áhrifum ókynþroska- og kynþroska börnum á kynörvun fullorðinna.

Hugsanatenging milli barna og kynlífs í hugum þeirra manna sem horfa á klámefni með börnum og barngervingu getur mögulega ýtt undir kynferðislega hugaróra í sumum tilvikum. Samkvæmt femínískum-, líf- og sálfræðikenningum og félagsnámskenningum er kynferðisleg örvun manna, fyrir tilstilli myndbirtinga af börnum, mögulegur orsakaþáttur í því að karlmenn þrói með sér barnagirnd og brjóti síðar gegn barni kynferðislega. Gildi skilyrtrar sjálfsfróunar yfir klámi með tilvísun í börn er þar talið gegna mikilvægu hlutverki ásamt því að það atferli sem á sér stað í kláminu getur örvað og ýtt undir kynferðislegar hugsanir manna gagnvart börnum út frá kenningum um að andfélagsleg hegðun sé lært atferli. Áhrif kynlífsvæðingar barna eru þó ekki fyllilega ljós þar sem vísindalegar rannsóknir á áhrifum barnakláms á neytandann hafa gjarnan leitt af sér tvíþendnar niðurstöður um það hvort neysla slíks efnis geti mögulega orsakað að neytandinn brjóti síðar gegn barni kynferðislega. Sambandið er flókið og víxlverkandi en skortur er á fræðilegum forsendum til að geta sagt til um eðli þess og tilhögun.

Út frá rannsóknum og kenningarfræðilegum forsendum má gera ráð fyrir að áhrif gervi-barnakláms með barngervingu séu svipuð eðlis og þar sem myndefnið inniheldur raunveruleg börn. Hópur neytenda gervi-barnaklámefnis er þó að öllum líkindum annars eðlis en sá sem leitar uppi barnaklám með þátttöku raunverulegra barna. Mun erfiðara er að

komast í tæri við slíkt myndefni heldur en hið fyrrnefnda, sem er löglegt að einhverju leyti í Bandaríkjunum, helsta framleiðslulandi klámefnis í heiminum.

Alþjóðlegir samningar á borð við Lanzarote samninginn hafa tekið aukið tillit til þeirra hugsanlegu skaðlegu áhrifa sem birtingarmyndir barna í klámi geta haft á neytandann þrátt fyrir að enn sé skortur á óyggjandi og vísindalegum sönnunum fyrir því hvort og hvers eðlis áhrifin séu.

7 Umræða

Eðli málsins samkvæmt var vinna þessarar ritgerðar erfið og átakanleg á stundum enda á umræða um kynferðisbrot gegn börnum það til að vekja upp reiði þar sem slíkar gjörðir manna gagnvart saklausum og varnarlausum börnum eru manni oftast nær óskiljanlegar. Ég hef lagt mig alla fram á undanförnum misserum við að nálgast umfjöllunarefni ritgerðarinnar með opnum hug og lagt metnað minn í að reyna að skilja þær ástæður sem liggja að baki kynferðislegum áhuga fullorðinna karlmanna á börnum. Að mínu mati er það mikilvægt svo hægt sé að hjálpa slíkum mönnum og stemma þannig stigu við kynferðislegu ofbeldi gagnvart börnum. Þegar ástæðan að baki slíku ofbeldi er peningagræðgi eins og til að mynda í framleiðslu á klámfefni, fallast mér þó hreinlega hendur.

Kynlífsvæðing barna er mikið áhyggjuefni. Með tilstilli hennar hafa mörkin milli barnæskunnar og fullorðinsáranna orðið óljósari á undanförnum áratugum. Að mínu mati má mögulega merkja áhrif aukinnar kynlífsvæðingar barna í þeirri áherslubreytingu sem átt hefur sér stað hjá bandaríska geðlæknafélaginu þar sem afbrigðileg kynferðisleg löngun gagnvart börnum í sjálfu sér er ekki flokkuð sem röskun á geði. Ef til vill má þó rekja breytinguna til aukinnar tillitsemi til líffræðilegra þátta í fari manneskjunnar sem birtast í frumhvötum hennar þegar kemur að kynferðislegri örvun.

Engar rannsóknir fyrirfinnast um framleiðslu barnakláms hér á landi eða fjölda fórnarlamba slíkrar framleiðslu. Nýleg dæmi hafa þó verið til umræðu í fjölmiðlum um íslenskar stúlkur á netsíðum þar sem íslenskir karlmenn skiptast á kynferðislegum myndum af stúlkunum. Í umræðunni hefur komið fram að gjarnan sé um að ræða nektarmyndir sem stúlkurnar tóku sjálfviljugar og sendu á einhvern sér nákominn án þess að gera sér grein fyrir þeirri hættu að viðkomandi mynd kæmist síðar í dreifingu til fleiri aðila. Að sama skapi er nokkuð algengt að unglingar miðli sín á milli mjög persónulegum myndum, jafnvel nektarmyndum, í gegnum samskiptaforritið Snapchat sem eykur hættuna á því að óviðeigandi myndir af börnum séu vistaðar og þeim jafnvel komið í dreifingu. Þetta er áminning um hve þróunin á sviði tækni og tölvubúnaða getur haft skjótvirk og mikil áhrif á dreifingu barnakláms og þær myndir sem um ræðir hér. Þessi nýlega umfjöllun er ekki síður

áminning um að börn og ungmenni hér á landi líða fyrir það að ljósmyndir af þeim eru í dreifingu á netinu.

Að mínu mati er það mikilvægt að við einbeitum okkur enn frekar að rót vandans þegar börn verða fyrir kynferðislegu ofbeldi en rót vandans liggur hjá gerendum ofbeldisins. Það er aldrei svo að hægt sé að setja ábyrgðina í hendur barna og unglinga og því væri óskandi að varnaðarorð foreldra og skólayfirvalda til barna um að þiggja ekki nammi eða far frá ókunnugum væri óþörf. Sú sorglega staða hér á landi, hvað varðar úrræðaleysi fyrir það fullorðið fólk sem girnist börn eða brýtur gegn börnum, er óásættanleg. Eftir fullgildingu Lanzarote samningsins er gerð krafa um að hér standi umræddum hópi fólks til boða nauðsynleg meðferðarúrræði við óæskilegum kynórum sínum gagnvart börnum. Úrræði Barnaverndarstofu er eina starfrækta meðferðarúrræðið hér á landi, en það er þó bara ætlað gerendum yngri en 18 ára. Í þessu samhengi velti ég til að mynda fyrir mér hvort og þá hvaða ferli fari í gang í réttarkerfinu í máli þess unga manns sem hlaut níu mánaða skilorðsbundinn fangelsisdóm fyrir að hafa í vörslu sinni stórfellt magn barnakláms. Þessum manni, sem og fleirum, þarf að veita viðeigandi hjálp með það að markmiði að koma í veg fyrir frekari brot.

Ef klám með börnum reynist vera til þess fallið að auka á barnagirnd sem og hættuna á því að börn séu misnotuð kynferðislega er mikilvægt að grípa í taumana á framleiðsluháttum klámiðnaðarins. Miðað við það ósamræmi sem virðist vera í niðurstöðum fyrri rannsókna er nauðsynlegt að viðfangsefnið fái nauðsynlega athygli og eftirfylgni. Þangað til er það skylda okkar að leyfa börnunum að njóta vafans líkt og nýleg lagabreyting hérlendis ber vott um. Ég fagna þeirri breytingu sem varð á h.g.l. árið 2012 þar sem ákvæðið sem snýr að barnaklámi var hert og betrubætt en upplifi þó ákveðinn vanmátt lagabreytingarinnar í stóra samhenginu þar sem netið er landamæralaus vettvangur og klámefni með barngervingu alveg jafn aðgengilegt Íslendingum og áður. Ég hef takmarkaða trú á því að íslensk löggæsla sé þess megnug að berjast gegn áhorfi manna á slíkt klám. Til þess þarf að koma áherslubreyting í lögum og framleiðsluháttum kláms í Bandaríkjunum og víðar. Að sama skapi hef ég ákveðinn grun um að vitneskja hins almenna borgara á banni við klámi með barngervingu líkt og er að finna í hefðbundnu klámi á netinu sé takmörkuð. Ég velti fyrir mér hvort ekki sé nauðsynlegt að miðla betur út í samfélagið þeim mikilvægu breytingum sem hafa orðið á 210 gr. laganna svo ákvæðið öðlist mögulega aukið forvarnargildi með því að menn skoði síður og leiti eftir klámefni sem þar er lýst.

Mannkynssagan hefur í gegnum tíðina kennt okkur að óhófleg græðgi og siðgæði fara ekki alltaf saman en framleiðsla kláms er einmitt fyrst og fremst viðskiptafræðilegt fyrirbrigði sem knúið er áfram af gróðamarkmiðum. Það er því að mínu mati gífurlega mikilvægt að slíkum iðnaði sé veitt strangt aðhald, sérstaklega þegar möguleg hættu staðjar að börnum. Kynferðislegt ofbeldi gegn börnum er verkefni sem félagsráðgjafar ásamt öðrum fagstéttum þurfa að takast á við í starfi sínu á sviði barnaverndar, innan réttarkerfisins eða í vinnu með gerendum. Það er því mikilvægt að grunsemdir þess sambands, sem um ræðir í þessari ritgerð, séu rannsskaðaðar til hlítar á fræðilegum og óhlutdrægum grundvelli til þess að hægt sé að taka á vandamálum þeim sem klám hefur mögulega í för með sér.

Salvör Sæmundsdóttir

Heimildaskrá

Almenn hegningarlög nr. 19/1940.

American Psychiatric Association. (2003). *APA Statment, Diagnostic Criteria for Phedopila*. Arlington.

American Psychiatric Association. (2007). *Sexualization of Girls*. Sótt 28. mars 2014 af <http://www.apa.org/pi/women/programs/girls/report.aspx>.

American Psychiatric Association. (2013). *Highlights of Changes from DSM-IV-TR to DSM-5*. American Psychiatric Puplicing. Sótt 9. apríl 2014 af <file:///C:/Users/Notandi/Downloads/changes-from-dsm-iv-tr--to-dsm-5.pdf>.

Andersen, M. (2003). *Thinking about women: Sociological perspectives on sex and gender* (6. útgáfa). Boston: Pearson Education, Inc.

Anna Kristín Newton and Þórarinn Viðar Hjaltason. (2011). "Umfang kynferðisbrota gegn börnum. Mat á gerendum og meðferð". Í Svala Ísfeld Ólafsdóttir (ritstjóri), *Hinn launhjelgi glæpur: Kynferðisbrot gegn börnum* (bls. 529-546). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Bailey, R. (2011). *Letting children be children: Report of an Independent Review of the Commercialisation on Sexualisation of Childhood*. London: Department for Education.

Barnaheill. (2013). *Ársskýrsla 2012 Barnaheilla: Save the Children á Íslandi*. Reykavík: Barnaheill.

Barnaheill. (e.d.). *Barnasáttmálinn*. Sótt 8. febrúar 2014 af <http://www.barnaheill.is/Umsamtokin/Barnasattmalinn/>.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna. (e.d.). *Um barnasáttmálann*. Sótt 28. mars 2014 af <http://www.barnasattmali.is/barnasattmalinn/umbarnasattmalann.html>.

Bem, S.L. (1983). Gender schema theory and its implications for child development: Rasing generaschematic children in a gender-schematic society. *Signs*, 8, 598-616.

Bourke, M.L. og Herandez, A. E. (2008). The 'butner study' redux: A report of the incidence of hands-on child victimization by child pornography offenders. *Journal of Family Violence*, 24(3), 183-191.

Burgess, AW, . Mahoney, M, . Visk, J. og Morgenbesser, L. (2008). Cyber child sexual exploitation. *Journal of Psychosocial Nursing and Mental Health Services*, 46(9), 38-45.

Davidson, H. A. (1985). Child sexual exploitation: Defining the problem. Í McCuen. G. E. (ritstjóri), *Pornography and sexual violence* (bls. 76-79). Wisconsin: Gary E. McCuen Publications.

- Davíð Þór Björgvinsson. (2011). „Alþjóðaskuldbindingar um vernd barna gegn kynferðisofbeldi“. Í Svala Ísfeld Ólafsdóttir (ritstjóri), *Hinn launhelgi glæpur: Kynferðisbrot gegn börnum* (bls. 23-56). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Diamond, M., Jozifova, E. og Weiss, P. (2011). Pornography and sex crimes in the Czech republic. *Archives of Sexual Behaviour*, 40(5). 1037-1043.
- Dietz, P. og Sears, A. (1987-1988). Pornography and obscenity sold in “Adult Bookstores”: A Survey of 5132 books, magazines, and films in four American cities. *Journal of Law Reform*, 21(1-2), 7-46.
- Dines, G. (2010). *Pornland: How porn has hijacked our sexuality*. Boston: Bacon Press.
- D'orlando, F. (2011). The demand for pornography. *Journal of Happiness Studies*, 12(1), 51-75.
- Dómur Héraðsdóms Vestfjarða í máli nr. S-10/2014.
- Dworkin, A. (1989). *Pornography: Men Possessing Woman*. New York: Dutton.
- Elliott, M. (1986). *Keeping Safe: A practical guide to talking with children*. London: Bedford Square Press.
- Empel, E. og Wagner, C. G. (2012). The future of the commercial sex industry. *The Futurist*, 46(3), 36-40.
- Endrass. J., Urbaniok. F., Hammermeister. L.C., Benz. C., Elbert. T., Laubacher. A. o.fl. (2009). *The consumption of Internet child pornography and violent and sex offending*. BMC Psychiatry.
- Finkelhor, D. (1987). The sexual abuse of children: Current research reviewed. *Psychiatric Annals*, 17(4), 233-237.
- Flynt, L. (1985). Educate about human sexuality. Í McCuen. G. E. (ritstjóri), *Pornography and sexual violence* (bls. 84-87). Wisconsin: Gary E. McCuen Publications.
- Free Speech Coalition. (2010). *All-Star Anti-Piracy*. Sótt 4. febrúar 2014 af www.youtube.com/watch?v=4xNzsTHA1nl.
- Freund, K. (1981). Assessments of pedophilia. Í M. Cook og K. Howells (ritstjórar), *Adult sexual interest in children* (bls. 137-180). New York: Academic Press.
- Geen, G. R. og Donnerstein, E. (1998). *Human Aggression: Theories, research, and implications for social policy*. London: Academic Press.
- Goldsmith, K. (2012). *Pedophilia and brain function*. University of British Columbia: Department of Psychology.
- Goode, E. (1994). *Deviant Behavior* (4. útgáfa). Prentice-Hall: London.

- Google.is (e.d.-a) *Myndaniðurstöður fyrir „School boy“*. Sótt 28. mars 2014 af https://www.google.is/search?q=schoolgirl&source=lnms&tbm=isch&sa=X&ei=ItU1U6zFlle0ywOFxoC4Bg&ved=0CAYQ_AUoAQ&biw=1366&bih=643#q=school+boy&tbm=isch.
- Google.is (e.d.-b) *Myndaniðurtöður fyrir „School girl“*. Sótt 28. mars 2014 af https://www.google.is/search?q=schoolgirl&source=lnms&tbm=isch&sa=X&ei=ItU1U6zFlle0ywOFxoC4Bg&ved=0CAYQ_AUoAQ&biw=1366&bih=643#q=school+girl&spell=1&tbm=isch.
- Google.is (e.d.-c) *Leitarniðurstöður fyrir „Teen Porn“*. Sótt 23. febrúar 2014 af https://www.google.is/?gws_rd=cr&ei=_eANU7DdCcX-ygPn54C4BA#q=Teen+porn.
- Hall, G. C. N., Hirschman, R. og Oliver, L. L. (1995). Sexual arousal and arousability to pedophilic stimuli in a community sample of normal men. *Behavior Therapy*, 26, 681.
- Helgi Gunnlaugsson. (2008). *Afbrot á Íslandi*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Hoffmann, H. (2012). Considering the role of conditioning in sexual orientation. *Archives of Sexual Behavior*, 41(1), 63-71.
- Home Office. (2007). *Consultation on Possession of Non-Photographic Visual Depictions of Child Abuse*. Sótt 14. febrúar 2014 af: <http://www.justice.gov.uk/publications/non-photographic-depictions.htm>.
- Huvila, I., Holmberg, K., Ek, S. og Widén-Wulff, G. (2010). Social capital in second life. *Online Information Review*, 34(2), 295-316.
- Íslensk orðabók*. (2007). Mörður Árnason (ritstjóri). Reykjavík: Forlagið.
- Jenkins, P. (2001). *Beyond tolerance: Child pornography on the Internet*. New York: New York University Press.
- Jóna Ingibjörg Jónsdóttir. (2009). *Kynlíf: heilbrigð ást og erótík*. Reykjavík: Bókaútgáfan Opna.
- Labre, M.P. (2002) The Brazilian Wax: New Hairlessness Norm for Women?. *Journal of Communication*, 26(113), bls 113-132.
- Levy, N. (2002). Virtual child pornography: The eroticization of inequality. *Ethics and Information Technology*, 4(4), 319.
- Linz, D. og Malamuth, N. (1993). *Pornography*. Newbury Park: Sage.
- Lollar, C. E. (2013). Child pornography and the restitution revolution. *Journal of Criminal Law and Criminology*, 101(2), 343-406.
- Lög um breytingu á almennum hegningalögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (samningur Evrópuráðsins um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun).

- Lögfræðiorðabók: með skýringum* (2008). Páll Sigurðsson (ritstjóri). Reykjavík: Lagastofnun Háskóla Íslands.
- Martellozzo, E., Nehring, D., og Taylor, H. (2010). Online child sexual abuse by female offenders: An exploratory study. *International Journal of Cyber Criminology*, 4(1), 592-609.
- McCarthy, J. A. (2010). *The relationship between possessing child pornography and child molestation*. New York: ProQuest Dissertations and Theses.
- McGuire, R.J., Carlisle, J.M. og Young, B.G. (1965). Sexual deviation as a conditioned behaviour: A hypothesis. *Behavioral Research and Therapy*, 2, 185-190.
- Merskin, D. (2004). Reviving Lolita?: A media literacy examination of sexual portrayals of girls in fashion advertising. *The American Behavioral Scientist*, 48(1), 119-129.
- O'Connell, R. (2001). "Paedophiles Networking on the Internet". Í Arnold, C.A. (ritstjóri), *Child abuse on the Internet: Ending the Silence* (bls. 65-79). UNESCO Publishing/Berghahn Books.
- Paul, B. og Linz, D. G. (2008). The effects of exposure to virtual child pornography on viewer cognitions and attitudes toward deviant sexual behavior. *Communication Research*, 35(1), 3-38.
- Petrína Ásgeirsdóttir og Margrét Júlía Rafnsdóttir. (2011). „Það er eins og þeir séu í herberginu og hvetji til ofbeldis gegn mér“ Í Svala Ísfeild Ólafsdóttir (ritstjóri), *Hinn launhelgi glæpur: Kynferðisbrot gegn börnum* (bls. 453-471). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Plaud, J. J. og Martini, J. R. (1999). The respondent conditioning of male sexual arousal. *Behavior Modification*, 23, 254-268.
- Real, R. M. (1996). *Exploring Media Culture: A Guide*. London: Sage Publications.
- Ríkislögreglustjórinn. (2013). *Tölfræði embættis Ríkislögreglustjóra árið 2012*. Reykjavík: Höfundur.
- Rolness, K. (2003). *Sex, lögn og videofilm; Et usladdet oppgjør med mytene om porno*. Oslo: Aschehough.
- Russel, D. E. H. (1986). *Sexual exploitation; Rape, child sexual abuse and workplace harassment* (4. útgáfa). London: Sage publications.
- Russel, D.E.H. (1993a) *Against Pornography; The evidence of harm*. Berkley: Russel Publications.
- Russel, D.E.H. (1993b) „Introduction“. Í Russel, D. E. H. (ritstjóri), *Making violence sexy: Feminist views on pornography* (bls. 1-10). Amsterdam: Teachers College Press.

- Russel, D. E. H. og Purcell, N. (2008). Exposure to pornography as a cause of child sexual victimization. Í Down, D. Singer og R. Wilson (ritstjórar), *Handbook of children, culture and violence*. (bls. 59-85). Thousand Oaks: SAGE Publications.
- Russell, G. (2008). Pedophiles in Wonderland: Censoring the sinful in cyberspace. *Journal of Criminal Law & Criminology*, 98(4), 1467-1499.
- Samningur sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins* nr. 18/1992.
- Schmidt, G. (2002). The dilemma of the male pedophile. *Archives of Sexual Behaviour*, 32(6), 473-77.
- Seigfried, K. C., Lovely, R. W. og Rogers, M. K. (2008). Self-reported online child pornography behavior: A psychological analysis. *International Journal of Cyber Criminology*, 2(1), 286-297.
- Sheldon, K. (2011). What we know about men who download child abuse images. *The British Journal of Forensic Practice*, 13(4), 221-234.
- Shrage, L. (2012). "Feminist perspectives on sex markets". Í Edward N. Z. (ritstjóri), *The Stanford Encyclopedia of Philosophy*. Sótt 7. apríl 2014 af <http://plato.stanford.edu/archives/win2012/entries/feminist-sex-markets/>.
- Siegel, J, L. (2012). *Criminology* (11. útgáfa). London: Wadsworth.
- Stefán Eiríksson. (2011). „Rannsókn kynferðisbrota gegn börnum“ Í Svala Ísfield Ólafsdóttir (ritstjóri), *Hinn launhelgi glæpur: Kynferðisbrot gegn börnum* (bls. 109-132). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Svala Ísfield Ólafsdóttir. (2011). „Refsiákvæði sem varða kynferðisbrot gegn börnum“ Í Svala Ísfield Ólafsdóttir (ritstjóri), *Hinn launhelgi glæpur: Kynferðisbrot gegn börnum* (bls. 57-107). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sæunn Kjartansdóttir. (2011). "Gleymt en geymt, Langtímaafleiðingar kynferðisofbeldis gegn ungum börnum". Í Svala Ísfield Ólafsdóttir (ritstjóri), *Hinn launhelgi glæpur: Kynferðisbrot gegn börnum* (bls. 297-315). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sørensen, A. D. (2003). *The Mainstreaming of Pornography in Mass Culture*. The Third Baltic Sea Women's Conference on "WoMen and Democracy". Tallin.
- Sørensen, A. D. og Knudsen, S. V. (2006). *Unge, køn og pornografi i Norden: Slutrapport*. Kaupmannahöfn: Nordisk Ministerråd.
- Tarver, M., JCL. (2010). The effects on pornography addiction on marital consent. *Studia Canonica*, 44(2), 343-367.
- Taylor, M. og Quayle, E. (2003). *Child Pornography: An Internet Crime*. London: Bruner Routledge.

- Warr, M. (2002). *Companions in Crime*. Cambridge: University of Cambridge.
- Webb, L., Craissati, J. og Keen, S. (2007). Characteristics of Internet child pornography offenders: A comparison with child molesters. *Sexual Abuse: A Journal of Research and Treatment*, 19(4), 449-465.
- Wetterneck, C. T., Burgess, A. J., Short, M. B., Smith, A. H. og Cervantes, M. E. (2012). The role of sexual compulsivity, impulsivity and experiential avoidance in internet pornography use. *The Psychological Record*, 62(1), 3-17.
- Wollek, T. (2011). M. Gigi Durham: The Lolita effect: The media sexualisation of young girls and five keys to fixing it. *Journal of Youth and Adolescence*, 40(1), 121-124.
- Þingskjal 417. (2011-2012). *Tillaga til þingsályktunar um fullgildingu Evrópuráðssamningsins um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun*. Alþingistíðindi A-deild. Sótt 10. apríl 2014 af <http://www.althingi.is/altext/140/s/0417.html>.
- Þingskjal 625. (2000-2001). *Skýrsla dómsmálaráðherra um samanburð á lagaumhverfi á Íslandi og annar staðar á Norðurlöndunum varðandi löggjöf og eftirlit með klámi, vændi o.fl. samkvæmt beiðni*. Alþingistíðindi A-deild. 126, 16-447. Sótt 5. febrúar 2014 af <http://www.althingi.is/altext/126/s/0625.html>.
- Ögmundur Jónasson. (2011-2012). *Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940*. Alþingistíðindi B-deild. Sótt 5. apríl 2014 af <http://www.althingi.is/altext/raeda/140/rad20120202T182620.html>.